

MOSFELLINGUR

4. TBL. 25. ÁRG. FIMMTUDAGUR 2. APRÍL 2026 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

UNDIRBÚNINGUR FYRIR
FERMINGU Í LÁGAFELLSKIKJU



Gledilega páska

EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



Laugaból - í Mosfellsdal

215,1 m² einbýlishús, 55,8 m² bílskúr, 83,1 m² hesthús, ásamt 6 gróðurhúsum, samtals um 2.000 m², á 23.420 m² skógi vaxinni eignarlóð. Einstakt tækifæri fyrir aðila að eignast fallega jörð í Mosfellsdal. **V. 260 m.**



Fasteignasala
Mosfellsbæjar



FYLGSTU
MEÐ OKKUR
á Facebook

Kjarna • Pverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is



Óskum Mosfellingum öllum
gledilegrar páskahátíðar



Hyrjarhöfða 2
Sími 558 0888
www.redder.is



PÚ FÆRD EFTIRRÉTTINN FYRIR
PÁSKANA HJÁ OKKUR!

BJARKARHOLT 3-5 | HÁLETTISBRAUT 58-60 | S. 566 6145 | MOSFELLSBÆJARLIS



Mosfellingurinn Páll Ásmundsson fyrrverandi fjármálastjóri

Nýtur lífsins eftir
farsælan starfsferil »26

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is
WWW.JONB.IS



CAB
CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkörk: Oddný Þóra Logadóttir ISSN 2547-8265

Tekið er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 23. APRÍL

Breytingar

Í blaðinu í dag kynnum við framboðslista fleiri flokka fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Það er ljóst að það verða breytingar í bæjarmálunum því nýir oddvitar leiða flesta flokka. Það eru þónokkrar aðsendar greinar í blaðinu þar sem frambjóðendur kynna þau efni sem þeim er hugleikin varðandi það hvernig við gerum bæinn okkar betri.

Nú er það ljóst að það verða einnig breytingar hjá Mosfellingi því blaðið er að fara í nýjar hendur og verður það kynnt í næsta blaði. Ég hef starfað við blaðið síðastliðin 15 ár og síðustu mánuði sem ritstjóri.

Ég kveð mitt hlutverk með þakklæti og auðmýkt. Það hefur verið bæði skemmtilegt og gefandi að hafa gengt þessu hlutverki í bæjarmeningunni. Ég hef fulla trú á því að nýir eigendur muni halda áfram að flytja okkur jákvæðar og skemmtilegar fréttir úr bæjarlífinu.

Áfram Mosfellingur!



Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, ritstjóri Mosfellings



ÍSFLUGL

www.isflugl.is



Í PÁ GÖMLU GÓÐU ...

JÓNSTÓFT — JÓNSTÓTT

Nokkurn veginn þar undir sem sviðið í Hlégarði er nú var tóftarbrot og mótaði fyrir veggjum hlöðnum úr torfi og grjóti. Ekki veit ég til að þarna hafi verið kot, líklega fremur einhverskonar peningahús en altént átti tóftin nafn og hét JÓNSTÓFT. Þetta nafn var svo sterkt að jafnvel heyrðust þær raddir, þegar á þessum stað hafði verið reist glæsilegt félagsheimili sveitarinnar að það skyldi heita JÓNSTÓFT.

Haustið 1946 hófst skólaganga mín í Mosfellssveit og það í bókstaflegum



skilningi því enginn var skólabíllinn; við úr niðursveitinni gengum eða hjóluðum í skólann. Einn daginn þegar ég kom á hæðina fyrir ofan Jónstóft sá ég hvar fólksbíll hafði runnið út úr beygjurni efst í Brúarlandsbrekkunni og lá á hvolfi ofan í tóftinni. Þetta var bíll frá ameríska hernum, sem leyndi sér ekki á lit hans.

Slys hafði orðið á fólki því blóð sást í flakinu innanverðu og utan á því. Á þessum slóðum var skömmu síðar farið að huga að byggingu Hlégarðs, sem var tekinn í notkun 17. mars 1951.

Texti: Sigurður Hreiðar

Mynd: Varðveitt á Skjalasafni Mosfellsbæjar

Tóftarbrot fyrir miðri mynd eins og lýst er í frásögninni—gæti verið Jónstóft? Brúarland blasir við og Camp Lumley braggahverfið. Út við þjóðveginn sér í hús sem síðar fékk nafnið Litlaland. Fjær er Álafosshverfið og efst sér í hluta af Camp White Horse braggahverfinu og túnin á Helgafelli.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn



Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór
Einarsson
Lögg. fasteignasali



Sigurður
Gunnarsson
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil
Karlsson
Lögg. fasteignasali



Steingrímur
Benediktsson
Lögg. fasteignasali



ARNARTANGI 29

Vel skipulagt 174,2 m² einbýlishús með bílskúr. Stór garður með timburverönd, hellulagðri verönd og heitum potti. Húsið er vel staðsett í vinsælu og grónu hverfi í Mosfellsbæ, stutt frá skóla, leikskóla, verslun og allri helstu þjónustu.

V. 136,7 m.



SPÓAHÖFÐI 2

Þjart og fallegt 179,6 m² endaraðhús með innbyggðum bílskúr. Vinsæl staðsetning, stutt í golfvöll, Lágafellsskóla, leikskólann Hulduberg og Lágafellslaug. Stór afgirtur garður, timburverönd fyrir framan og aftan hús, heitur pottur og hellulagt bílaplan með snjóbræðslu.

V. 144,9 m.



LAUST STRAX

ÚUGATA 66

Glæsilegt og vel skipulagt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Eignin afhendist rúmlega tilbúin til innréttingar eða samkvæmt skilalýsingu seljanda. Möguleiki er að fá húsið fullbúið eftir samkomulagi.

V. 158,9 m.



PENTHOUSE

BJARKARHOLT 27

Glæsileg og vel skipulögð 178,9 m², 3ja herbergja 'Penthouse' íbúð á 5. og efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Tvennar rúmgóðar svalir, aðrar út af stofu til suðvesturs og út frá hjónaherbergi til suðurs. Mjög fallegt útsýni er frá eigninni.

V. 158,5 m.



VEFARASTRÆTI 18

Þjört og mjög falleg 110,7 m², 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með útgengi út á verönd (27 m² sérafnotareitur) í suðurátt ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu. Gott skipulag, fallegar innréttingar frá Axis og innfeldl lýsing hönnuð af Lumex.

V. 81,0 m.



TRÖLLATEIGUR 31

Fallegt og vel skipulagt 165,5 m² 4-5 herbergja raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Frábært fjölskylduhús á eftirsóttum stað. Stór timburverönd í suðurátt með heitum potti.

V. 127,9 m.



VÍÐITEIGUR 8

89,9 m² endaraðhús með skjólgóðum afgirtum bakgarði með timburverönd í suðurátt. Tveir geymsluskúrar eru í bakgarði. Gróðurhús er á lóð fyrir framan húsið. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 74,9 m.

ÚUGATA 6-8 - GLÆSILEGT ÚTSÝNI



NÝJAR ÍBÚÐIR

Nýjar og glæsilegar 3-5 herbergja íbúðir í byggingu. Bílastæði í bílakjallara með hverri íbúð. Frábært útsýni af báðum hæðum. Vandaðar innréttingar. Eignirnar afhendast í apríl-júlí 2026.

V. 86,8, 104,8 og 127,9 m.



LAUST STRAX

STÓRIKRIKI 1A

Rúmgóð og þjört 121,7 m² 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Yfirbyggðar svalir í suðvesturátt með svalalokun. Vinsæl staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt í alla helstu þjónustu.

V. 79,9 m.



LEIRVOGSTUNGA 12

253,1 m² einbýlishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr á stórrí eignarlóð í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Timburverönd til suðurs og hellulagða verönd fyrir framan hús, fallegum garði og stórrí baklóð. Bílaplan er hellulagt og með hitalögn.

V. 144,9 m.



LAUST STRAX

VÍÐITEIGUR 30

222,4 m² einbýlishús á einni hæð ásamt auka 3ja herbergja íbúð í bílskúr. Timburverönd í suðvestur átt. Góð staðsetning innst í botnlanga miðsvæðis í Mosfellsbæ, stutt í skóla, verslanir, heilsugæslu og alla þjónustu.

V. 134,9 m.



HRAFNSHÖFÐI 12

Fallegt og vel skipulagi 165,7 m² endaraðhús með innbyggðum bílskúr á stórrí hornlóð. Vinsæl staðsetning, stutt í Lágafellsskóla, leikskólann Hulduberg og Lágafellslaug. Einnig er mjög stutt niður á golfvöll Mosfellsbæjar. Seljandi skoðar skipti á ódýrari eign í sama hverfi.

V. 139,9 m.



GERPLUSTRÆTI 31

Falleg og vel skipulögð 112,3 m², 4ra herbergja endaíbúð á 3.hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Svalir í vesturátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla.

V. 84,9 m.



Skýr grunnur að uppbyggingu nýs hverfis til lengri tíma • Sjálfbær þróun og gæði

Bæjarstjórn staðfestir breytingu á aðalskipulagi og nýjan rammahluta fyrir Blikastaðaland

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og nýjan rammahluta fyrir Blikastaðaland.

Með ákvörðuninni er lagður skýr grunnur að uppbyggingu nýs hverfis til lengri tíma, með áherslu á fjölbreytt húsnæði, góða bæjarmynd, sjálfbæra þróun og gæði.

Undirbúningur staðið yfir um árabíl

Blikastaðaland er eitt stærsta þróunar- og uppbyggingsvæði Mosfellsbæjar og hefur undirbúningur verkefnisins staðið yfir um árabíl. Vegna umfangs þess var ákveðið að vinna breytingu á aðalskipulagi, nýjan rammahluta og deiliskipulag samhliða, þannig að stefna sveitarfélagsins, forsendur uppbyggingar og útfærsla nýs hverfis gætu þróast í heildstæðu samhengi.

Verkefnið byggir á endurskoðun aðalskipulags, nýjum forsendum í landsskipulagsstefnu og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, auk samgöngusáttmáls og þeirrar framtíðarsýnar að Blikastaðaland verði nýr bæjarhluti á skilgreindum samgöngu- og þróunarsí.

Uppbygging á löngum tíma

Breytingin felur í sér uppfærslu á íbúðarsvæði 124-ÍB, nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu meðfram Vesturlandsvegi og íþróttasvæði við gatnamót Vesturlandsvegur og Baugshlíðar.

Með breytingunni stefnir sveitarfélagið að því að skapa forsendur fyrir uppbyggingu á bilinu 3.500-3.700 nýrra íbúða á Blikastaðalandi. Uppbyggingin mun fara fram á löngum tíma og gerir rammahlutinn ráð fyrir að svæðið byggist upp í 3-5 hverfa-



FYRSTI ÁFANGI BLIKASTAÐALANDS

hluta eða áfanga.

Vinna við breytingu aðalskipulagsins og rammahlutann hefur einkennst af víðtæku samráði og opnu kynningarferli. Í ferlinu hafa íbúar, hagsmunaaðilar, umsagnaraðilar og opinberar stofnanir fengið fjölmörg tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Verkefnið hefur jafnframt byggt á umfangsmikilli faglegri vinnu þar sem fjöldi ráðgjafa og sérfræðinga, innlendra sem erlendra, hefur komið að hönnun, rýni

og greiningum þvert á fagsvið.

Unnar hafa verið sértækar greiningar og skýrslur um meðal annars samgöngur, landnotkun, náttúrufer, fornlifur, húskönnun, vatnafarsmál, flóðahættu, hljóðvist og vistfræðilega þætti, auk þess sem unnið er með vistvottun BREEAM Communities fyrir deiliskipulagið þar sem lögð er sérstök áhersla á samráð, sjálfbærni, gæði nærumhverfis og vistvænar samgöngur.

Athugasemdir teknar til skoðunar

Breyting aðalskipulagsins felur þannig ekki aðeins í sér fjölgun íbúða eða nýja afmörkun reita, heldur innleiðingu á stefnu sem sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hafa mótað sameiginlega um hagkvæmari landnýtingu, sterkari byggðarkjarna og bætтар samgöngur til lengri tíma.

Um leið er mikilvægt að hafa í huga að svæðisskipulag setur sameiginleg markmið, en útfærsla byggðarmynsturs, þéttleika og landnýtingar er á ábyrgð hvers sveitarfélags í eigin aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Mosfellsbæ á mos.is.

Við meðferð málsins bærast umsagnir og athugasemdir sem voru teknar til skoðunar. Sveitarfélagið þakkar öllum þeim sem rýndu gögnin og sendu inn umsagnir og athugasemdir. Slík þátttaka hefur verið mikilvæg í gegnum allt ferlið og hefur nýst við mótun, framsetningu og yfirferð tillagnanna.



Sótt um í Vinnuskólanum til 6. apríl

Sumarið er á næsta leiti og eins og áður verður Vinnuskólinn að störfum. Það er hægt að sækja um í Vinnuskólanum til 6. apríl fyrir sumarið 2026 og verður öllum umsóknum sem berast fyrir þann tíma svarað fyrir 6. maí 2026. Reynt verður að verða við óskum allra en gera má ráð fyrir að ekki verði hægt að uppfylla allar óskir um tímabil og vinnustöð. Markmið Vinnuskólans er að kenna nemendum að vinna, auka skynjun og virðingu fyrir umhverfinu og kenna nemendum að umgangast bæinn sinn. Nemendum stendur til boða að vinna í heildina tvö tímabil og geta óskað eftir þeim tímabilum sem þeim hentar af þremur möguleikum.

Deiliskipulag samþykkt með öllum atkvæðum í bæjarstjórn

Afgreiðsla 18. fundar skipulags- og umhverfisnefndar var staðfest á 893. fundi bæjarstjórnar með 11 atkvæðum.

Bæjarstjórn tekur undir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og samþykkir nýtt deiliskipulag fyrir 1. áfanga í Blikastaðalandi. Bæjarstjórn leggur áherslu á þá miklu og góðu samstöðu sem ríkt hefur bæði í skipulags- og umhverfisnefnd og bæjarstjórn við vinnslu tillögunnar. Ferlið hefur einkennst af víðtæku og vönduðu samráði við íbúa og hagaðila, sem hefur skilað sér í bættri og sterkari heildarsýn á skipulag svæðisins, bænum til heilla.



KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Skírdagur 2. apríl kl. 20:00

Messa og Getsemanestund. Sr. Arna Grétarsdóttir og Sr. Sunna Dóra Möller þjóna, Örn Magnússon er organisti og kvartett sér um sönginn.

Föstudagurinn langi 3. apríl kl. 17:00

Sr. Arna Grétarsdóttir þjónar. Guðmundur Ómar Óskarsson organisti.

Þáskadagsmorgun 5. apríl kl. 09:00

Sr. Sunna Dóra Möller þjónar. Örn Magnússon er organisti og kvartett syngur. Morgunkaffi í Safnaðarheimili Lágafellskirkju, Þverholti 3.

Laugardaginn 11. apríl

Kl. 10:30 Ferming í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon og Sr. Arna Grétarsdóttir þjóna, Hrönn Helgadóttir er organisti og kvartett syngur Kl. 14:30 Ferming í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon og Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjóna, Hrönn Helgadóttir er organisti og kvartett syngur.

Sunnudaginn 12. apríl

Kl. 10:30 Ferming í Lágafellskirkju. Kl. 14:30 Ferming í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon og Sr.

Arna Grétarsdóttir þjóna. Hrönn Helgadóttir er organisti og kvartett syngur

Laugardaginn 18. apríl

Kl. 10:30 Ferming í Lágafellskirkju. Kl. 14:30 Ferming í Lágafellskirkju.

Sunnudaginn 19. apríl

Kl. 10:30 Ferming í Lágafellskirkju. Kl. 14:30 Ferming í Lágafellskirkju.

Sr. Henning Emil Magnússon og Sr. Sunna Dóra Möller þjóna, Hrönn Helgadóttir er organisti og kvartett syngur bæði 18. og 19. apríl.

LEAPMOTOR ER LOKSINS LENTUR TAKTU STÖKKIÐ



T03
2.990.000 KR.*



B10 Design
4.790.000 KR.*



C10 Design AWD
5.990.000 KR.*

STÖKKTU Á EINSTÖK GÆÐI Á FRÁBÆRU VERÐI

Leapmotor C10 AWD er einstaklega rúmgóður fjórhjóladrifinn rafjeppi, hlaðinn tækninýjungum og kraftmiklum búnaði. Þökk sé tveimur rafmótörum er hann með 598 hestöfl og nær hröðun úr 0 í 100 km/klst. á aðeins 4 sekúndum. Hann er sérlega mjúkur í akstri og aðlagar sig auðveldlega að breyttum aðstæðum og hentar því vel í akstri innan- og utanbæjar. Enginn afsláttur gefinn af öryggi, en C10 er með fimm stjörnu öryggiseinkunn úr árekstrarprófunum Euro NCAP.

Leapmotor B10 býður upp á besta innra rýmið í sínum stærðarflokki og er hagstæðasti rafbíllinn á markaðnum í dag. Hann er fyrir þægilegan akstur í daglegu lífi og með tæknibúnað í takt við ítrustu kröfur nútímans. Fimm stjörnu öryggiseinkunn úr árekstrarprófunum Euro NCAP.

T03 er ódýrasti bíllinn á markaðnum og þrátt fyrir að vera nettur og smár að utan, þá er hann risastór að innan. Bíll sem kemur skemmtilega á óvart.

Eigum bíla tilbúna til afhendingar strax.

*VERÐ MEÐ RAFBÍLASTYRK.



LEAPMOTOR

TAKTU STÖKKIÐ

ISBAND

UMBODSADILI LEAPMOTOR Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • LEAPMOTOR.NET/IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17



Mynd/RaggiÓla

Sér fyrir endann á viðgerð á sveitakirkjunni í Mosfellsdal

Turninn aftur á Mosfellskirkju

Viðgerðir á Mosfellskirkju hafa staðið yfir síðan í október 2024. Kirkjan var vígð 4. apríl 1965 og fagnar því 61 árs vígsluafmæli um þessar mundir. Kirkjan hefur fengið mikla yfirhalningu, skipt hefur verið um gólf, klæðning að utan og innan endurnýjuð og kirkjan einangruð upp á nýtt.

Fyrir jól var kirkjuturninn tekin niður eftir að í ljós komu miklar skemmdir í burðarvirkinu. Turninn var hífður aftur á Mosfellskirkju þann 20. mars, nýuppgerður og með nýyfirförmum kirkjuklukkum. Áætlað er að öllum framkvæmdum við kirkjuna ljúki fljótlega eftir páska.



BIRGIR, HERDÍS OG BJARKI

Fjórða sögukvöldið • Menning í mars • Margs að minnast

Sögukvöld á 75 ára afmæli Hlégarðs

Þann 17. mars var sögukvöld haldið í Hlégarði og var það hluti af dagskránni Menning í mars í Mosfellsbæ. Að þessu sinni var fjallað um sögu Hlégarðs en þennan dag voru 75 ár liðin frá vígslu hússins.

Bjarki Bjarnason stýrði umræðum um þessa fjölbreyttu sögu, ljósmyndum var varpað upp á tjald og með honum á sögupallinum voru Birgir D. Sveinsson og Herdís Ragna Þorgeirsdóttir.

Birgir las upp hluta af ræðu Halldórs Laxness frá vígsludeginum og Herdís flutti vígslukvæði Lárusar Halldórssonar skólastjóra, það hefst þannig:

*Heill sé í húsi!
Heimili gleði,
æsku og elli
ykkar sveitar
verði það ætíð.
Aldrei skyggi
ósönn athöfn
innsýn hingað.*

Þetta var fjórða sögukvöldið sem Bjarki stýrir í Hlégarði, áður hefur verið fjallað um heita vatnið, hernámsárin og Álafoskvosina. Aukinn áhugi er á sögu Mosfellsveitar, enda er hún bæði fjölbreytt og merk.



Samningur við hestamannafélagið um nýtingu beitarhólfra og lausagönguhross

Undirritaður hefur verið samstarfssamningur milli Mosfellsbæjar og Hestamannafélagsins Harðar, sem gildir til fjögurra ára, um umsjón með nýtingu beitarhólfra og handsömun lausagönguhrossa.

Hörður er eitt af fjölmennustu og virkustu íþróttafélögum Mosfellsbæjar og er samningurinn liður í því að styðja við öflugt starf félagsins og hestamennsku í sveitarfélaginu.



ÞÉTT SETIÐ FÉLAGSHEIMILI





frá
ÍSLENSKUM BÆNDUM
sem við þekkjum og treystum





Fjölbreytt dagskrá í tilefni vikunnar • Markmiðið að vekja athygli á heimsmarkmiðunum

Vika 17 í Bókasafni Mosfellsbæjar

Hversu oft hugsar þú um heimsmarkmiðin í þínu daglega lífi? Getur verið að þú sért að vinna að þeim án þess að vita af því?

Vika 17 er alþjóðleg vika heimsmarkmiðanna á bókasöfnunum. Hún fer fram í 17. viku ársins en árið 2026 eru það dagarnir 20.-26. apríl. Í tilefni vikunnar verða ýmsir viðburðir tengdir heimsmarkmiðunum á dagskrá bókasafna vítt og breytt um landið.

Verkefnið á uppruna sinn að rekja til Danmerkur en er í dag taka hátt í 200 bókasöfn frá 12 mismunandi löndum þátt. Markmiðið er að vekja athygli á heimsmarkmiðunum 17 með fjölbreyttum viðburðum og sýna að við getum öll lagt okkar af mörkum.

Textilbarinn með smiðju

Í Bókasafni Mosfellsbæjar verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá í tilefni vikunnar. Þriðjudaginn 21. apríl verður boðið upp á smiðju Textilsbarnsins, Textíll sem listform – skapandi endurnýting, þar sem þátttakendur eru leiddir í gegnum það hvernig hægt er að gefa áður elskuðum textíl nýtt líf. Þar verður lögð áhersla á að líta á efnið sem skapandi efni við frekar en nytjahluti, hvort sem unnið er að skúlptúrum, vegglist eða textílmósaík.



VIKA17

HEIMSMARKMIÐIN Á BÓKASÖFNUM

Miðvikudaginn 22. apríl verður sögu-stund í bókasafninu þar sem lesin verður bókinn Rusladrekkinn eftir Bergljótu Arnalds. Hún segir frá litlu skrímsli sem vaknar til lífsins í tjörn og dreymir um að gleypa allan heiminn.

Föstudaginn 24. apríl svarar Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari og formaður Slow Food á Íslandi, því hvernig lausnin á matarsóun getur verið bæði bragðgóð, skapandi og sparað okkur pening í erindinu

Lausnin á matarsóun.

Laugardaginn 25. apríl verður líf og fjör í safninu. Frá kl. 12-15 verður Dr. Bæk á staðnum með farandskoðunarstöð sína og býður hjólréiðafólki fría ástandsskoðun á hjólum sínum, rétt í upphafi sumars. Sama dag, kl. 13-15, eru allir blómaunnendur velkomnir með plöntur og græðlinga á safnið til að skiptast á við aðra. Kjörrið tækifæri til að deila með öðrum og gera góð skipti. Þau sem ekkert hafa til skiptanna eru líka velkomnir, þetta er upplagt tækifæri fyrir þá sem eiga umfram, að deila með öðrum.

Skiptibókamarkaður og plockkbingó

Alla vikuna verður ýmislegt í gangi í safninu. Börn geta tekið þátt í litla skiptibókamarkaðinum og skipt bókum sínum fyrir „nýjar“ barnabækur. Einnig verður fata-skiptimarkaður þar sem gestir eru hvattir til að koma með heilar og hreinar flíkur og finna sér eitthvað nýtt í staðinn.

Þá verður plockkbingó í boði alla vikuna. Bingóspjöld fást í afgreiðslu safnsins og þeir sem safna rusli úr öllum flokkum og fylla út spjaldið geta skilað því í sérstakan kassa. Að lokum verður einn heppinn þátttakandi dreginn út og fær glaðning í verðlaun.

Frekari upplýsingar um dagskrána má finna á bokmos.is.

Hr. Eydís og Erna Hrönn í Hlégarði

Hljómsveitin Hr. Eydís og Erna Hrönn halda tónleika í Hlégarði í Mosfellsbæ þann 25. apríl þar sem boðið verður upp á ALVÖRU '80s PARTY. Hr. Eydís hefur skapað sér nafn fyrir kraftmikla tónleika þar sem áhorfendur eru með strax frá fyrstu mínútu. Á efnisskránni eru vel valdir '80s smellir sem allir þekja. „Við viljum bara að þetta verði geggjað kvöld, ekki bara tónleikar heldur alvöru tónleikapartý,“ segir Örlygur Smári, söngvari og gítarleikari sveitarinnar. Tónleikarnir í Hlégarði eru hluti af vortúr sveitarinnar sem einnig kemur við í Bæjarbíói, á Sviðinu á Selfossi og á Græna hattinu á Akureyri. Miðasala fer fram á Tix.is.

Næsta blað kemur út: FIMMTUDAGINN 23. APRÍL

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 20. apríl.

mosfellingur@mosfellingur.is



ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN BRÚARLANDI • FRAM UNÐAN Í STARFINU

Flíkinafegri

Handsaumur á fatnað. Byrjum 16. apríl í Brúarlandi. Opín vinnustofa fimmtudaga kl. 12:00-15:00. Komdu og lærdú að handsauma á fatnað: handsaumur, embroidery, krosssaumur og sashiko. Fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna. Við kennum stinga, viðgerðir og skrautlausnir fyrir mismunandi efni. Mættu með eigin flík, við vinnum eingöngu á því sem þátttakendur koma með. Ef þú hefur áhuga máttu endilega senda póst á felagsstarf@mos.is eða hringja í síma 586-8014. Hlökkum til að sjá þig.



Opið hús

Menningarkvöld 2026. Nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar munu skemmta okkur með spili og söng í Hlégarði mánudaginn 13. apríl klukkan 20:00. Flytjendur verða eftirfarandi: 1. Katla Birgisdóttir leikur á Þverflautu við undirleik Lilju Eggertsdóttur, 2. Lea Björk Bjarkadóttir syngur við undirleik Sigurjóns Alexanderssonar, 3. Guðjón Magnússon syngur við undirleik Sigurjóns Alexanderssonar, 4. Íris Torfadóttir leikur á fíðlu við undirleik Lilju Eggertsdóttur. Kaffinefndin verður með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi er á staðnum). Með kveðju Menningar- og skemmtinefnd FaMos.



KYNNING

Í Hlégarði 14. apríl kl 13:00. Hjónin Anna Birgitta Bóasdóttir og Arnlaugur Helgason ætla að kynna 50 daga ferð sem þau fóru í til Tælands og Vietnam í desember og janúar s.l. og hvernig þau fóru að því að skipuleggja ferðina sjálf frá A-Ö. Þau munu lýsa þessu ferðalagi bæði í máli og myndum. Verið velkomin.



Fluguhnýting

Viltu koma og vera með í fluguhnýtinga-hóp. Erum að reyna að stofna hóp af fólki sem hefur áhuga á að koma saman í Brúarlandi einu sinni í viku og hnýta flugur, ekki er um formlegt námskeið að ræða heldur sjálfbær hóp. Ef þú hefur áhuga máttu endilega senda

póst á felagsstarf@mos.is eða hringja í síma 586-8014. Síðan munum við boða til fundar og ákveða nánari tímasetningu á hópnum. Hlökkum til að heyra frá þér.




Heilsa og hugur

Nýtt vörnámskeið hefst 13. apríl - 22. maí í samtals 6 vikur og kostar námskeiðið 12 þúsund. Upplýsingar og skráning í síma 845-7490 virka daga milli 10-12. Hlökkum til að fá þig með. Kveðja íþróttanefnd FaMos.

Páskafrí

Við förum í páskafrí 2. apríl og opnum aftur 7. apríl í Brúarlandi. Hittumst í Hlégarði næst 14. apríl. Gleðilega páska.



Skrifstofa félagsstarfsins er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er *Elva Björg Pálsdóttir*, tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

Skrifstofa FaMos í Brúarlandi er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16. Sími: 883-5123, opinn kl. 10-16 (fím)



FÉLAG ALDRAÐRA í Mosfellsbæ og nágrenni
famos@famos.is
www.famos.is

STJÓRN FAMOS

Formaður **Þorsteinn Birgisson**
thorsteinn.birgis@gmail.com
Varaformaður **Hrund Hjaltadóttir**
hrundhj@simnet.is
Gjaldkeri **Ólafur Guðmundsson**
polarafi@gmail.com
Ritari **Sólrun Ósk Gestsdóttir**
mittlelevel10@gmail.com
Meðstjórnandi **Guðrún K. Hafsteinsdóttir**
gunnasjana@simnet.is
Varamaður **Ingibjörg G. Guðmundsdóttir**
igg@simnet.is
Varamaður **Helga Einarsdóttir**
helgaein57@gmail.com



NÝR VEITINGASTAÐUR OPNAR
Í HJARTA MOSFELLSBÆJAR!
...um miðjan maí



OAK
RESTAURANT

 
@OAKMOSFELLSBAER

Stuðningur frá Hollvinasamtökum Reykjalundar • Þrekþjálfun er lykilþáttur

Öflugur búnaður styrkir endurhæfingu á Reykjalundi

Með stuðningi Hollvinasamtaka Reykjalundar hefur sjúkrþjálfun Reykjalundar fengið öflugan og fjölbreyttan tækjabúnað sem nýtist daglega í þrek-, þol- og styrkþjálfun sjúklinga í endurhæfingu.

Þrekþjálfun er lykilþáttur í endurhæfingu einstaklinga á öllum getustigum og hefur jákvæð áhrif á líðan, færni og lífsgæði. Reglubundin þjálfun eykur jafnframt lífslíkur og styður við sjálfstæði og bata.

Fjölpjálfar og þrekþjálfa bæta aðstöðu sjúkrþjálfunar

Sjúkrþjálfunardeild Reykjalundar fékk styrk fyrir þremur fjölpjálfum (NuStep) og fjórum þrekþjólum frá Fastus. Fjölpjálfinn, NuStep, hentar fólki á mjög breiðu getustigi, allt frá einstaklingum með miklar færniskerðingar upp í vel þjálfaða einstaklinga. Í tækið er þjálfað í sitjandi stöðu, auðvelt að komast að með hjálpartækjum og gerir kleift að hreyfa handlegg og fætur samtímis. Þjálfunin reynir þannig á hjarta, lungu, vöðva og liði á öruggan og áhrifaríkan hátt. Þrekþjólín fjögur, af E-Motion tegund, eru staðsett í hjólasal sjúkrþjálfunar og nýtast vel í endurhæfingu hjarta- og lungnasjúklinga sem stunda reglubundna hjólaþjálfun nokkrum sinnum í viku í sinni endurhæfingu.

Nýjung í sálfræðimeðferð

Sálfræðideild Reykjalundar hefur einnig, með stuðningi Hollvinasamtakanna, tekið í notkun neurofeedback-tæki til þjálfunar á heilavirkni. Neurofeedback er gagnreynd og hættulaus aðferð þar sem heilavirkni er mæld í rauntíma með EEG-rafskautum og skjólstæðingum veitt endurgjöf í formi myndefnis og/eða tónlistar. Þjálfunin ýtir undir sveigjanleika og aðlögunarhæfni heilans og styður við

aukið innsæi gagnvart eigin líkamlegum einkennum, tilfinningum og hugarstarfi. Hún er notuð sem hluti af taugasálfræðilegri endurhæfingu, meðal annars við einkennum eftir heilahristingsheilkenis, streitu, áfallastreitu, svefntruflunum, athygliserfiðleikum og öðrum vitrænum erfiðleikum. Þetta er fyrsti neurofeedback búnaður af þessari gerð sem tekinn er í notkun á Íslandi og er Reykjalundur því brautryðjandi á þessu sviði í hérlendis.

Heimsókn og nýjar gjafir til hreyfingar og þjálfunar

Nýverið kom stjórn Hollvinasamtaka Reykjalundar og stjórnarmenn frá Kaupmannasamtökum Íslands, sem



kostuðu þessar gjafir, í heimsókn til að kynna sér búnaðinn og sjá hvernig hann nýtist í daglegu starfi. Í sömu heimsókn voru Reykjalundi jafnframt færð að gjöf þrjú rafmagnshjól frá TRI, sem munu nýtast í þjálfun og hreyfingu skjólstæðinga.

Gjafir Hollvinasamtaka Reykjalundar og samstarfsaðila þeirra skipta miklu máli og styrkja enn frekar faglega, framsækna og árangursríka endurhæfingu á Reykjalundi.



ALVÖRU '80s PARTY

Hr. Eydís og Erna Hrönn

Hlégarður – 25. apríl

MOSFELLSBÆR

Miðasala tix.is

Páskareiðtúr laugardaginn langa

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins bjóða til páskareiðtúrs laugardaginn 4. apríl. Ferðinni er heitið í Laxnes þar sem verður grillað og sungið. Stoppað verður á vel völdum stöðum í Mosfellsdal og boðið upp á hressingu.

Fararstjóri er Jana Katrín Knútsdóttir.
Hilmar Gunnarsson stýrir fjölda söng í Laxnesi.

Allir sem hesti geta valdið eru velkomnir með í för.
Lagt af stað frá „Naflanum“ í hesthúsa hverfinu kl. 13:30.
Frjáls heimferð úr Laxnesi.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Sumardagurinn fyrsti í Mosfellsbæ



Dagskrá:

mos.is/vidburdir

13:00 Mosverjar leiða skrúðgöngu frá Miðbæjartorginu að Varmá.

13:30 Skólahljómsveit Mosfellsbæjar spilar fyrir gesti og gangandi.

13:30 - 16:00 Kassaklifur, hoppukastalar, pylsur, vöflur og fleira að Varmá.

13:45 BMX-BRÓS koma og sýna listir sínar.

Hvatningar- dagur Kiwanis

Kiwanis stóð fyrir viðburði í Hlégarði Mosfellsbæ þar sem lesskilningur og læsi barna var viðfangsefnið.

Kristín Björg Sigurvinsdóttir rithöfundur og Sigrún Alda Sigfúsdóttir talmeinafræðingur kynntu bækur sínar Amelía og Óliver. Þessar bækur er uppbyggðar þannig að börnin læra millistigsorð sem eru útskýrð vel og auka þá lestrarhæfni og skilning barna. Eftir kynninguna gafst foreldrum kostur á að kaup bækurnar niðurgreiddar af Kiwanis. Einnig fengu börnin að spreyta síg í léttri þrautabraut.



Málverkasýning í Lágafellslaug

Málverkasýning Huldu Hjaltadóttur verður haldin í kaffiteríu Lágafellslaugar frá 1. apríl og opnar kl. 16:00. Sýningin verður út aprílmánuð.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Fullkomnaðu þína Tesla með Tezland.is

Ertu að leita að hágæða aukahlutum sem passa fullkomlega?

Hjá Tezland sérhæfum við okkur í vörum sem eru hannaðar sérstaklega fyrir Tesla Model 3, Y, S og X. Við vitum að íslenskar aðstæður krefjast þess besta.

Aukahluta listi:

- **Allra-veðra mottur:** Endingargóðar og sérsniðnar.
- **Skipulagskerfi:** Snjalllausnir í miðjustokka.
- **Hlífðarvörur:** Skjávarnir og aurhlífar.
- **Útlit:** Stílhreinar uppfærslur.



"Okkar markmið er að bjóða Tesla-eigendum úrvals þjónustu og gæðavörur á sanngjörnu verði."

Hröð afhending um allt land 📦 Gæðavörur á lager
SKANNAÐU FYRIR ÚRVALIÐ Vefverslun: www.tezland.is
Netfang: info@tezland.is

SKOTT & LOPPUR BÍLDSHÖFÐA 14

LÍTIL BÚÐ - MIKIL ÞEKING

Við segjum þér hvað hentar
– og vísam þér áfram ef
við eigum það ekki



SKOTT.IS

Bíldshöfði 14 (hjá American style)
Mán - Fös 14-18, Lau 11-16



Skipulagsauglýsingar

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar kynnir til umsagnar eftirfarandi skipulagsmál:

Krókavegur 21, L125199, frístundabyggð F517

Mál nr. 181/2026

- Nýtt deiliskipulag fjallar um uppskiptingu frístundalands í tvær frístundalóðir sem eru 5.205 og 5225 m² að stærð.
- Athugasemdafrestur er til og með 28. apríl 2026

Selmerkurvegur 68, L125334, frístundabyggð F517

Mál nr. 358/2026

- Deiliskipulagsbreytingin fjallar um að samræma skipulagið við aðalskipulag Mosfellsbæjar svo heimilt verði að byggja allt að 200 m² á lóðinni. Eitt frístundahús með eða án gestahúss eða geymslu samtals að fyrrgreindri stærð.
- Athugasemdafrestur er til og með 1. maí 2026

Borgarlína í landi Blikastaða, vinnslutillaga – ÍB124

Mál nr. 1416/2025

- Deiliskipulag á vinnslustigi um fyrirhugað vegstæði Borgarlínu í Mosfellsbæ á um 850 metra kafla milli Korpúlfsstaðavegar og fyrsta áfanga íbúðarbyggðar Blikastaðalands. Þar sem markmiðið er að skilgreina legu, umfang og útfærslu Borgarlínu og tengdra innviða.
- Athugasemdafrestur er til og með 1. maí 2026

Gögn eru aðgengileg í Skipulagsgátt þar sem gefinn er kostur á að skila inn skriflegum umsögnum, skipulagsgatt.is.

Mosfellsbær

mos.is

Settu sumarið undir

Öryggi á nýjum dekkjum

Nú er rétti tíminn til að bóka tíma í dekkjaskipti. Það er einfalt og þægilegt að bóka í appinu og það tekur enga stund!

Við eigum úrval af vönduðum dekkjum sem henta fyrir fjölbreyttar aðstæður og eru þekkt fyrir einstaka endingu, öryggi og þægindi við aksturinn.



Michelin Primacy 5 Energy

- Áhersla á orkunýtni og endingu
- Sérstíð að þörfum rafbíla
- Hljóðlátari og þægilegri akstur



Michelin CrossClimate 3

- Öryggi og þægindi í akstri
- Með vetrareiginleikum
- Gott grip í bleytu og þurrki



Michelin Pilot Sport 5

- Einstakir stýriseiginleikar
- Frábært grip og góð vatnslosun
- Minna rennivíðnám



BFGoodrich All-Terrain K03

- 3D míkroskurður
- Framúrskarandi grip
- Styrktir hliðarveggir

Árni nýr oddviti Vina Mosfellsbæjar

Vinir Mosfellsbæjar er eini óflokksbundni listinn sem tekur þátt í sveitarstjórnarkosningum í Mosfellsbæ.

Listinn samanstendur af einstaklingum sem vilja framgang í málefnum sem snúa að lífsgæðum í sveitarfélaginu. Fólk í þessum hópi getur haft ólíkar stjórnmalaskoðanir á landvísi, enda telja Vinirnir að flokkslínur eigi ekki við á sveitarstjórnarstigi: þar skiptir fólk máli, ekki flokkarnir.

Töluverð endurnýjun verður á lista Vina Mosfellsbæjar í vor, enda er hann samsettur af fjölbreyttum hópi einstaklinga sem vilja láta gott af sér leiða.

Hlutu 13% í síðustu í kosningum

Vinir Mosfellsbæjar voru stofnaðir rétt fyrir kosningar 2018 og náðu þá einum kjörnum bæjarfulltrúa, Stefáni Ómari Jónssyni. Í kosningunum 2022 var listinn hársbreidd frá því að bæta við sig bæjarfulltrúa en listinn hlaut 13% atkvæða, sem skilaði honum einum bæjarfulltrúa, Dagnýju Kristinsdóttur.

Vinir Mosfellsbæjar hafa á þessum tveimur kjörtímabilum sýnt hversu dýrmætt það er að vera með bæjarfulltrúa sem ekki eru háðir öðrum hagsmunum en þeim sem snerta íbúa sveitarfélagsins og ekki þurfa að taka tillit til flokkslína, hvorki á landsvísi né í nágrenna sveitarfélögum.

Mosfellsbær og íbúar hans hafa hug Vinanna allan.

Öflugt og fjölbreytt teymi leiðir listann en unnið verður að frágangi framboðsins á næstu dögum:



Snævi þakinn Mosfellsbær í mars.

Mynd/RaggiÓla

FRAMBOÐSLISTI L-LISTA

1. Árni Jónsson
2. Guðfinna Birta Valgeirsdóttir
3. Michele Reborna
4. Guðrún Elísa Sævarsdóttir
5. Þórunn Rósa Ólafsdóttir
6. Katarzyna Królikowska



Árni Jónsson

Vinum að hagsmunum bæjarins

„Innan listans getum við verið kunningjar, en það eina sem skiptir raunverulega máli er að við eigum einn sameiginlegan vin; bæinn okkar, Mosó“ segir Árni Jónsson oddviti Vina Mosfellsbæjar – „og það eru hagsmunir bæjarins sem við vinnum að“.

„Við erum öll með ýmis önnur verkefni á dagskránni en höfum þann sameiginlega metnað að búa til góðan Mosfellsbæ. Það er mikilvægt að þakka þeim sem hafa lagt hönd á plóginn síðustu ár og ætla að láta staðar numið en þeirra framlag er afar dýrmætt fyrir okkur,“ segir Guðfinna Birta brosandí sem skipar 2. sæti á lista í vor.



Guðfinna Birta Valgeirsdóttir



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

PÁSKALAMBIÐ fæst í Kjötbúðinni

Mikið úrval af fylltum lambalærum og hryggjum

– pantaðu hátíðarmatinn tímanlega

Opnunartími yfir páska

Miðvikudag	10-18:30
Skírdag	13-18
Föstudaginn langa	lokað
Laugardag	11-18
Páskadag	lokað
Annan í páskum	lokað




KJÖTBÚÐIN
www.kjotbudin.is

Kjötbúðin • Grensásvegi 48 • Sunnukrika 2 • Sími 571 5511
Sælkeraveslun • Grill- og veisluþjónusta • Kjötvinnsla



DOMINO'S PIZZA | HÁHOLTI 14 | MOSFELLSBÆ

BESTA HUGMYND DAGSINS



UMSÓKNAFRESTUR TIL **6. APRÍL**
UNGLINGAR FÆDDIR 2010 - 2011 - 2012

Vinnuskólinn 2026

UMSÓKNIR: **VINNUSKOLI-UMSOKN.VALA.IS**
VINNUSKOLI@MOS.IS



Helga Dögg
LJÓSMYNDIR

Fyrsta árið • Meðganga • Brúðkaup
Ferming • Börn/fjölskyldur • Útskrift

Báum til minningar


www.helgadogg.is

**Rauður dagur í öllum
Mosfellsbæ**

9. APRÍL

klæðumst rauðu

VERTU MEÐ



Afgreiðslutími bókasafnsins um páska

Skírdagur
Lokað

Föstudagurinn langi
Lokað

Laugardagur 4. apríl
Opið kl. 12-16

Páskadagur
Lokað

Annar í páskum
Lokað

Bókasafn Mosfellsbæjar Þverholti 2 568-6822 www.bokmos.is

Sögustund

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Miðvikudaginn 22. apríl kl. 16:45

Í sögustund aprílmánaðar lesum við saman bókina Rusladrekinn eftir Bergljótu Arnalds. Myndlýsing er í höndum Jóns M. Marinóssonar.

Rusladrekinn fjallar um agnarponsu pínulítið skrímsli sem lifnar við í lítilli tjörn og langar til að gleypa allan heiminn. Söguna samdi Bergljót fyrir dóttur sína sem vildi ólm fá að heyra hana aftur og aftur. Í Rusladrekanum tvinnast spenna, ímyndunarafli og mikilvægur boðskapur saman í kitlandi skemmtilega sögu.

saga sem þarf að lesa aftur og aftur ...

Öll velkomin!

VIKA 17

í Bókasafni Mosfellsbæjar

Dagskrá

Þriðjudagurinn 21. apríl
Textíl barinn kl. 16:30

Miðvikudagurinn 22. apríl
Sögustund: Rusladrekinn kl. 16:45

Föstudagurinn 24. apríl
Fræðsluerindi: Lausnin á matarsóun kl. 16:00

Laugardagurinn 25. apríl
Dr. Bæk fyrir framan safnið kl. 12-15
Plöntuskiptimarkaður kl. 13-15

Í boði alla vikuna:
Litli skiptibókamarkaðurinn
Fataskiptislá fyrir framan safnið
Plokkbingó - bingóspjöld í afgreiðslu safnsins

Frekari upplýsingar á bokmos.is þegar nær dregur.

Hvað er Vika 17?

Vika 17 er alþjóðleg vika heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna á bókasöfnum. Í tilefni vikunnar eru ýmsir viðburðir tengdir heimsmarkmiðunum á dagskrá bókasafna vítt og breytt um landið.

Fjölskyldugöngur á fellin í Mosfellsbæ



Mosfellsbær og Ferðafélag Íslands standa fyrir fjölskyldugöngum á fellin í Mosfellsbæ alla þriðjudaga í apríl og fyrstu þrjá þriðjudagana í maí.

Tveir fararstjórar verða í hverri ferð.

Pátttaka er ókeypis – verið öll velkomin.

Gengið er rólega og fararstjórar miðla af þekkingu og reynslu.

Mætið í útivistarfatnaði og góðum gönguskóm, með bakpoka og nestisbita og heitt kakó/te á brúsa.

Dagskrá:

- 7. apríl kl. 17:30 Úlfarsfell
- 14. apríl kl. 17:30 Reykjaborg
- 21. apríl kl. 17:30 Reykjafell
- 28. apríl kl. 17:30 Æsustaðafjall
- 5. maí kl. 17:30 Grímannsfell
- 12. maí kl. 17:30 Mosfell
- 19. maí kl. 17:30 Helgafell

Nánari upplýsingar á:
mos.is/vidburdir

Mikilvægt að hlusta á fólkið í bænum

Miðflokkurinn hefur staðfest framboðslista sinn fyrir komandi kosningar. Hann er skipaður fjölbreyttum hópi með víðtæka reynslu úr atvinnulífi og samfélagi, sem eiga það sameiginlegt að vilja leggja sitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar bæjarins.

Í fyrsta sæti er Sveinn Óskar Sigurðsson, viðskipta- og hagfræðingur, og í öðru sæti Ingibjörg Einarsdóttir, tannsmiður og aðjúnkt við Háskóla Íslands.

Miðflokkurinn leggur áherslu á samstöðu og ábyrgð í rekstri bæjarins. Sérstök áhersla er lögð á skóla- og velferðarmál, þar sem þarfir barna, fjölskyldna og eldri borgara eru í forgrunni. Þá vill flokkurinn sjá skynsamlega og ábyrga uppbyggingu í skipulags- og samgöngumálum, þar sem gætt er að fjárhag bæjarins og langtíma-hagsmunum íbúa.



Hjalti Árnason, Sveinn Óskar Sigurðsson og Ingibjörg Einarsdóttir skipa efstu sæti listans.

FRAMBOÐSLISTI M-LISTA

1. Sveinn Óskar Sigurðsson
2. Ingibjörg Einarsdóttir
3. Hjalti Árnason
4. Sóley Sævarsdóttir Meyer
5. Kristján Davíð Sigurjónsson
6. Karl Gissur Þórisson
7. Nói Þrastarsson
8. Sara Hafbergsdóttir
9. Ólafur Vignir Þórarinsson
10. Eyþór Bjarki Benediksson
11. Aldís Dröfn Ingvarsdóttir
12. Bjarki Þór Þórisson
13. Pétur Þór Ásgeirsson
14. Helga Diljá Jónsdóttir
15. Sigurjón Kristjánsson
16. Jóhannes Birgir Jóhannesson
17. Mikael Árni Bergmann Þorsteinsson
18. Linda Björk Stefánsdóttir
19. Hlynur Hilmarsson
20. Friðbert Bragason
21. Sigurros K. Indriðardóttir
22. Þorlákur Ásgeir Petursson

Til framtíðar – með traustri stjórn og skýrri sýn

„Mosfellsbær er samfélag þar sem við eigum að geta sameinast um það sem skiptir mestu máli: velferð barna og fjölskyldna, virðingu fyrir eldri borgurum og ábyrga uppbyggingu til framtíðar. Við þurfum að taka ákvarðanir af skynsemi, þar sem jafnvægi er milli þjónustu, uppbyggingar og fjárhags bæjarins.

Ég legg áherslu á trausta stjórn, hagkvæman rekstur og skilvirka stjórnsýslu sem þjónar íbúum fyrst og fremst. Það er mikilvægt að hlusta á fólkið í bænum og byggja ákvarðanir á raunverulegum þörfum, ekki skammtímahugsun. Með samstöðu og ábyrgum vinnubrögðum getum við styrkt Mosfellsbæ enn frekar og skapað samfélag þar sem allir fá tækifæri til að dafna.“



Sveinn Óskar Sigurðsson




Umhverfi

Gatna- og stígahreinsun í Mosfellsbæ

Nú stendur til að þvo og sópa gangstéttar og götur bæjarins.

Bæjarbúar eru vinsamlegast beðnir að leggja ekki ökutækjum eða öðrum farartækjum á götum eða gangstéttum meðan á hreinsun stendur.

- 22. apríl - Reykja- og Krikahverfi
- 23. og 25. apríl - Teiga og Helgafellshverfi
- 28. apríl - Holtahverfi
- 29. apríl - Tangahverfi
- 30. apríl - Hlíða- og Hlíðartúnshverfi
- 2. maí - Höfðahverfi
- 5. maí - Leirvogstunguhverfi



Fisk ~ búðin Mos

Háholti 13-15 • Sími 578 6699

BÍLAPJÓNUSTA

N1

Verkstjóri og aðstoðar- maður sölustjóra

Við leitum að öflugum leiðtoga í lykilstarf hjá Bílapjónustu N1 á Langatanga í Mosfellsbæ. Starfið felur í sér verkstjórn, sölu og fjölbreytt verkefni á verkstæðinu okkar.

Helstu verkefni

- Skipulag og verkstjórn á verkstæði í samráði við sölustjóra
- Samskipti og ráðgjöf við viðskiptavini
- Þátttaka í sölustarfi og daglegum rekstri
- Almenn verkstæðisvinna


Hæfniskröfur

- Reynsla af verkstæðisvinna
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni
- Sveigjanleiki í fjölbreyttum verkefnum
- Gild ökuréttindi
- Íslensku- og enskukunnátta skilyrði

Fríðindi í starfi

- Velferðarþjónusta N1 og öflugt starfsmannafélag
- Afslættir hjá N1, Krónunni, ELKO og Lyfju

Nánari upplýsingar veitir Fannar Pálsson
verkefnastjóri í tölvupósti á netfangið.fannar@n1.is.
Umsóknarfrestur er til föstudagsins 10. apríl.



Listasalur Mosfellsbæjar



Opið fyrir umsóknir fyrir sýningarárið 2027

Listasalur Mosfellsbæjar hefur opnað
fyrir umsóknir fyrir sýningarárið 2027.

Sótt er um rafrænt á Mínum síðum
Mosfellsbæjar.

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2026.

Mosfellsbær

Þverholti 2

525-6700

www.mos.is

Nýr oddviti kynntur hjá Samfylkingunni

Framboðslisti Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar var samþykktur samhljóða á félagsfundum.

Nýr oddviti Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ er Ólafur Ingi Óskarsson, netkerfisfræðingur, sem settið hefur sem varabæjarfulltrúi á líðandi kjörtímabili.

Anna Sigríður Guðnadóttir, sem var oddviti flokksins í síðustu kosningum og sitjandi bæjarfulltrúi á líðandi kjörtímabili, er í heiðurssæti listans.

„Þessi glæsilegi listi fléttar saman reynslu og ferskum vindum. Það er mér heiður að vera fyrirlíði í svo flottu liði. Verkefnið framundan er að kynna þann árangur, stefnuna áfram vegin, og afla okkur trausts kjósenda til að við getum haldið áfram á þeirri braut.“ segir Ólafur Ingi, nýr oddviti.



Frambjóðendur á lista Samfylkingarinnar.

FRAMBOÐSLISTI S-LISTA

1. Ólafur Ingi Óskarsson
2. Guðný Maja Riba
3. Ómar Ingbórsson
4. Auður Einarisdóttir
5. Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson
6. Elín Eiríksdóttir
7. Sigurður Óli Karlsson
8. Viktoría Magnúsdóttir
9. Þórarinn Snorri Sigurgeirsson
10. Þóra Sigrún Kjartansdóttir
11. Magnús Hlynur Haraldsson
12. Kristín María Ingimarsdóttir
13. Kári Freyr Kane
14. Halla Halldórsdóttir
15. Þýrnir Hálfán Þyrnisson
16. Þóra Hermannsdóttir Passauer
17. Guðbjörn Sigvaldason
18. Þórunn Ísfeld
19. Ragnar Gunnar Þórhallsson
20. Kristín Sæunnar Sigurðardóttir
21. Jónas Sigurðsson
22. Anna Sigríður Guðnadóttir

Áfram gakk, meiri velferð og mannvænt umhverfi

Samfylkingin hefur verið hluti af farsælum meirihluta þetta kjörtímabil. Við lok þess tíma er gott að líta um öxl og rifja upp öll þau góðu mál sem við höfum komið í verk. Nærtækast er að minnst á áttak í velferðarmálum og forvarnarverkefnið „börnin okkar“. Einnig hefur verið mikið um nýframkvæmdir, þrátt fyrir mjög erfitt vaxtaumhverfi. Umbætur hafa verið gerðar á stjórnkerfi bæjarins og unnin fjárhagsleg áhættugreining sem eykur öryggi í fjárfestinum og rekstri. Og þrátt fyrir stór verkefni hafa fjárhagsáætlanir meirihlutans staðist og skilað rekstrarafgangi öll árin eftir hallarekstur fyrri ára. Nú þurfa kjósendur fljótlega að gera upp við sig, hvort þeir vilja halda áfram á sömu braut, eða beygja af leið. Við í Samfylkingunni erum alveg skýr, við viljum áfram gakk, meiri velferð, mannvænt umhverfi og áframhaldandi aukinn stuðningur við börn og unglínga.



Ólafur Ingi Óskarsson

SUMARNÁMSKEIÐ BARNADJASS Í MOSÓ 2026



Öll börn á aldrinum 8–16 ára sem spila á hljóðfæri og eru spennt fyrir að læra djass og spuna eru hvött til að sækja um!

Í ár eru tvö mismunandi námskeið í boði:

12.–14. júní:

Stórsveitarnámskeið fyrir lengra komna

- Samúel Jón Samúelsson stjórnar

18.–20. júní:

Hefðbundið námskeið í minni hópum

- Stýrt af Odd André Elveland og kennt af frábærum íslenskum kennurum.

Þátttakendur beggja námskeiða taka þátt í tónleikum á Barnadjass í Mosó sem fer fram dagana 18.–21. júní.

Umsóknarfrestur er til 24. apríl



Fasteignasala
Mosfellsbæjar

Örugg
og góð
þjónusta

Reynsla, heiðarleiki
og þekking á
fasteignamarkaðnum
eru grunnur að
farsælum viðskiptum.

Sími: 586 8080

www.fastmos.is



deli

Allt í Zurek súpu!



Asískar nýjungar



Páskaopnun sundlauga



Lágafellslaug

- 2. apríl Skírdagur kl. 9-19
- 3. apríl Föstudagurinn langi kl. 9-19
- 4. apríl Laugardagur kl. 9-19
- 5. apríl Páskadagur kl. 9-19
- 6. apríl Annar í páskum kl. 9-19
- 23. apríl Sumardagurinn fyrsti kl. 9-19
- 1. maí kl. 9-19

Varmárlaug

- 2. apríl Skírdagur kl. 9-17
- 3. apríl Föstudagurinn langi - Lokað
- 4. apríl Laugardagur kl. 9-17
- 5. apríl Páskadagur - Lokað
- 6. apríl Annar í páskum kl. 9-17
- 23. apríl Sumardagurinn fyrsti kl. 9-17
- 1. maí - Lokað

Mosfellsbær

Þverholti 2

525-6700

www.mos.is



KRISTINN KARL GARDARSSON



GUÐRÚN ASTRID ELVARSDÓTTIR



SIGURÞÓR GÍSLASON

Hestamannafélagið Hörður veitii viðurkenningar til þeirra sem skarað hafa fram úr á árinu • Árshátíð í Harðarbóli

Árshátíð Harðar haldin með glæsibrag

Árshátíð hestamannafélagsins Harðar fór fram laugardaginn 14. mars og tókst með miklum ágætum. Harðarfélagar komu saman, nutu góðs matar og skemmtu sér fram eftir nóttu í góðum félagsskap.

Venju samkvæmt voru veittar viðurkenningar til þeirra sem skarað hafa fram úr á árinu.

Íþróttakona Harðar 2025 er Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir sem náði þeim einstaka árangri að verða heimsmeistari í slaktaumatölti T2 á heimsmeistaramótinu síðastliðið sumar, fyrst Íslendinga. Hún átti jafnframt afar farsælt keppnisár innanlands og hefur skipað sér í fremstu röð knapa landsins og er í landsliði Íslands í hestaíþróttum.

Íþróttakarlf Harðar 2025 er Kristinn Karl Garðarsson sem hefur verið ötull keppandi fyrir félagið og náð góðum árangri á fjölmörgum mótum, bæði innan félags og utan og er vaxandi keppnisknapi.




AÐALHEIÐUR ANNA
GUÐJÓNSDÓTTIR

Viðurkenningar veittar

Einnig var veitt viðurkenning fyrir hæst dæmda kynbótahross ársins ræktað af Harðarfélaga. Viðurkenninguna hlaut glæsi hryssan Eik frá Meðalfelli, sex vetra, sem hlaut í aðaleinkunn 8,57. Ræktendur hennar eru Sigurbjörg Ólafsdóttir og Sigurþór Gíslason.

Sérstök viðurkenning var veitt fyrir framúrskarandi árangur kynbótahrossins Hulins frá Breiðstöðum sem, ásamt knapanum Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur, varð meðal annars heimsmeistari í slaktaumatölti T2 á heimsmeistaramótinu í Sviss. Um er að ræða afar glæsilegan árangur hjá ungum hesti sem vakið hefur verðskuldaða athygli, ræktendunum og Harðarfélögunum Guðrúnu Astrid Elvarsdóttur og Stefáni Friðrik Jónssyni til mikils sóma.

Hestamannafélagið Hörður óskar verðlaunahöfum innilega til hamingju og þakkar fyrir vel heppnaða hátíð.



Góður svefn í íslenskum ullarfaðmi eykur vellíðan

Íslenskar ullarsængur
Fáanlegar á Lopidraumur.is



BYGGINGAFÉLAGIÐ
BAKKI



Veldu reynslu
fyrir
Mosfellsbæ!

**BOTTOMLESS
BRUNCH**
25. APRÍL KL 12-16

BLIK
BISTRO • GRILL

**DJ VERÐUR Á STADNUM OG
LEYNIGESTUR SEM ELSKAR ABBA!**



Umhverfi



Hreinsunaráttak í Mosfellsbæ 22. apríl - 4. maí

Íbúar Mosfellsbæjar eru hvattir til að huga að umhverfinu, hreinsa garða, í kringum hús sín og næsta umhverfi.

Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á þessu tímabili á eftirtöldum stöðum:

- Holta- og Tangahverfi - Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)
- Höfða og Hlíðahverfi – Vörubílastæði við Bogatanga
- Teiga- og Reykjahverfi – Skarhólabraut ofan Reykjavegar og við Sunnukrika
- Hlíðartúnshverfi – Við Aðaltún
- Helgafellshverfi – Efst í Brekkulandi og við strætóskýli við Vefarastræti
- Leirvogstunga – Á stæði við stoppistöð á Tunguvegi
- Mosfellsdalur – Á bílastæði við Þingvallaveg

Helgina 24. – 26. apríl verður ráðist í hreinsunaráttak á opnum svæðum bæjarins og meðfram nýbyggingar-svæðum. Afturelding og Mosverjar aðstoða að venju.

Gerum bæinn fallegan og snyrtilegan fyrir sumarið.

Mosfellsbær

Þverholti 2

525-6700

www.mos.is

Lífið er núna

Páll Ásmundsson lét af störfum um sjötugt eftir langan og farsælan starfsferil. Hann segir mikilvægt að fólk fái að starfa eins lengi og það vill svo lengi sem það hafi áhuga og getu til. Sjálfur upplíði hann mikla ánægju af því að vera virkur á vinnumarkaði langt fram eftir aldri.

Í dag nýtur Páll þess að verja meiri tíma með fjölskyldunni og sinna áhugamálum sínum, ekki síst golfinu, sem hann reynir að stunda eins oft og tækifæri gefst.

Páll fæddist á Akranesi 28. janúar 1956. Foreldrar hans eru Ingunn Ágústsdóttir, húsmóðir og Ásmundur Pálsson, fv. skrifstofumaður hjá Skeljungu og margfaldur Íslandsmeistari í bridge. Þau eru bæði látin.

Systkini Páls sammæðra eru Ingibjörg f. 1944, Pétur f. 1947 d. 2016 og Guðlaug f. 1950. Alsystkini eru Dagbjört f. 1957 og Sigríður f. 1958.

Mótunarárin góð

„Ég bjó fyrstu árin mín á Barónsstíg, við Sundhöllina í Reykjavík. Það var mikið af skemmtilegum leikfélögum í hverfinu og stutt í skóla og sund.

Við fjölskyldan fluttum síðan í Vesturbæinn þegar ég var 13 ára. Þetta voru líka góð mótunarár en það var samt mjög erfitt að fara úr gamla örugga hverfinu í algjörlega nýtt umhverfi, fyrsta árið í gagnfræðaskóla og þekkja engan.

En verandi kominn í Vesturbæinn þá er maður þar með orðinn KR-ingur. Ég byrjaði strax að æfa knattspyrnu með KR, þannig að einu sinni KR-ingur alltaf KR-ingur, það segir máltækið allavegana,” segir Páll og brosir.

Þetta var manndómsvígsla

„Ég fór tvö sumur í sveit, annars vegar í Helgafellssveit á Snæfellsnesi og hins vegar í Vestur-Húnavatnssýslu, rétt hjá Hvammstanga. Þetta var mikil upplifun, það herðir mann að fara að heiman og vera hjá ókunnugu fólki. Minningararnar eru góðar í báðum þessum tilfellum.

Þegar ég var 13 ára þá fór ég til sjós á þúsund tonna togara eitt sumar. Við vorum tveir sem tókum að okkur að vera aðstoðarmatsveinar en skipverjar voru um 30. Á sunnudögum voru sex lambalæri í matinn, við þurftum að skræla 100 kartöflur og brúna þær svo. Þetta var mikil manndómsvígsla og mikið ævintýri, berjast við sjóveiki og bara að vinna við framanandi aðstæður, en þetta gerði manni gott.”

Meiri leikur en lærdómur

Páll gekk í Austurbæjarskóla og Haga-skóla og á góðar minningar þaðan. Hann segir fyrstu árin hafa verið meiri leikur en lærdómur. Ein minning sé honum sérstaklega minnstæð, þá var lesið upp úr bókinni



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURIN
ruth@mosfellingur.is

um Hjalta litla í kaffitímanum. Nestið var samloka með osti og sultu og volg kókómjól, drukkin úr kókflösku með plasttappa. Gagnfræðaskólaárin hafi verið skemmilegur tími enda mikill mótunartími unglingsáranna. Landafraedi og saga voru skemmtilegustu fögin.

Eftir útskrift fór Páll í Lindargötuskóla í eitt ár og svo í Verzlunarskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist vorið 1975. Hann segir mikinn rígg hafi verið á milli MR og Verzló og hann hafi tekið þátt í nokkrum skemmtilegum íþróttaviðburðum á milli skólanna.

Á sumrin, samhliða skólagöngunni, starfaði hann á bensínstöð og nokkur sumur hjá jarðvegsverktökum. Hann segir að það hafi alltaf verið gott að komast úr skólanum í annað umhverfi.



Fjölskyldan, Katrín, Kaja, Áslog, Eyrún, Einhildur, Páll, Hermann Ingi, Gunnar Ingi, Páll og Ásmundur.

HIN HLIÐIN

Bestu kaup sem þú hefur gert? Þegar ég keypti Scotty Cameron pútturinn minn.

Hvað gleður þig mest? Samvera með fjölskyldunni og vera í golfi.

Hvert er besta ráð sem þú hefur nýtt þér? Lífið er núna, muna að njóta en ekki þjóta.

Uppáhaldsveitingastaður? Austur-Índíafélagið.

Þrjú orð sem lýsa þér best? Áreiðanlegur, lífsglaður og samviskusamur.

Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt? Fæðing barna minna og átta sig á þeirri ábyrgð sem því fylgir.

Draumaborgin? London.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert? 40 ára afmælið mitt sem haldið var í Harðarþóli, geggjað party.



GOLFHÓPURINN Á AKUREYRI



PÁLL 12 ÁRA

SYSTKININ HERMANN INGI, KATRÍN OG ÁSMUNDUR

síðustu 25 ár, og hef haft mikið gaman af. Á árunum 1990-1999 tók ég þátt í uppgangi handknattleikslíðs Aftureldingar. Það var mikil og skemmtileg vinna sem skilaði okkur öllum titlum sem í boði voru árið 1999. Ég sat einnig í sóknarnefnd Lágafellsskóknar í 17 ár, mjög gefandi starf.”

Umsvifin hafa stóruakist

„Árið 2007 hóf ég störf hjá S4S ehf samstæðunni, sem rekur skóbúðir og verslanir á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Þar starfaði ég síðustu 18 ár starfsævi minnar svo ég hef því verið skrifstofumaður í 48 ár,” segir Páll og brosir.

Þegar ég hóf störf þar voru 5 verslanir og um 70 starfsmenn. Nú, í lok starfstímans 2025 eru verslanirnar orðnar 13, 3 netverslanir og 180 starfsmenn, svo það er því ljóst að umsvifin hafa stóruakist. Ég er stoltur að hafa verið þátttakandi í þessari vegferð.”

Ákveðinn í að halda mínu striki

„Þegar ég varð 67 ára þá tók ég þá ákvörðun að halda áfram störfum til sjötugs, enda heilsan og starfsþrekið gott. Svo nálguðust þessi tímamót og ég var ákveðinn í að halda mínu striki, að hætta við árslok 2025. Sumir gáfu mér ráð að betra væri að hætta inn í vorið og birtuna en ég valdi áramótin. Það er mikilvægt að fólk fái að starfa eins lengi og það vill svo lengi sem það hefur áhuga og getu til. Ég upplíði mikla ánægju af að vera virkur á vinnumarkaði langt fram eftir aldri.

Það verður auðvitað annar taktur í lífinu við að hætta að vinna fasta vinnu en þá gefst líka meiri tími til að sinna fjölskyldunni og áhugmálunum. Við ákváðum að láta af störfum á sama tíma ég og konan mín, það fannst okkur rétt að gera ef mögulegt væri. Við eigum nú barnabörn á ýmsum aldri svo það er alltaf nóg um að vera.

Lífið er núna, ég hlakka alltaf til vorsins því svo kemur sumarið og þá hefst golfvertíðin,” segir Páll brosandi er við kveðjumst.

Datt í lukkupottinn

„Ég hóf störf hjá Skrifstofuvélum árið 1977 og starfaði þar í sjö ár. Það var gaman að koma til vinnu þar alveg óreyndur skrifstofumaður, en ég fékk góða kennslu og reynslu. Þaðan fór ég yfir til G. Á. Pétursson hf sem var lítil heildsala og vélsmiðja, þar nýttist vel reynslan úr fyrra starfi.

Árið 1989 datt ég í lukkupottinn þegar mér bauðst starf hjá Reykjararði/Holtakjúklingi. Þar starfaði ég með með Bjarna Ásgeiri Jónssyni og hans fólki, frábær tími. Þetta voru mikil gæfuspor, ég lærði mikið af því að starfa með Bjarna og hef alltaf litið á hann sem minn mentor.

Árið 2001 hóf ég svo störf hjá Öryggismiðstöðinni, góður tími og fyrirtækið í mikilli mótun. Ég færði mig svo um set árið 2004 og hóf störf hjá Öndvegi, sem var leiðandi húsgagnafyrirtæki.”

» **Á sunnudögum voru sex lambalæri í matinn, við þurftum að skræla 100 kartöflur og brúna þær svo.**

Vinnan skilaði okkur öllum titlum

Eiginkona Páls er Einhildur Pálsdóttir, fyrrverandi skrifstofumaður hjá Forlaginu. Börn Páls frá fyrra hjónabandi eru Katrín f. 1985, Ásmundur f. 1988 og Hermann Ingi f. 1991 og börn Einhildar eru Eyrún f. 1981 og Páll f. 1985.

„Við fjölskyldan höfum gaman af því að ferðast saman og fara í sumarþústaðaferðir, en á seinni árum höfum við mikla gleði af því að hittast og borða saman.

Ég er forfallinn golfari og hef verið það

SUMARIÐ 2026

ÆVINTÝRANÁMSKEIÐ MOSVERJA

Skemmtilegt útilífsnámskeið
fyrir ævintýragjarna
krakka í 1.-4. bekk

- Vika 1 15.-19. júní - 4 dagar
- Vika 2 22.-26. júní - 5 dagar
- Vika 3 29. júní - 3. júlí - 5 dagar
- Vika 4 6.-10. júlí - 5 dagar
- Vika 5 4.-7. ágúst - 4 dagar
- Vika 6 10.-14. ágúst - 5 dagar



SKRÁNING HEFST 2. APRÍL
www.abler.io/shop/mosverjar

BRÆÐURNIR ARON ELÍ OG BIRKIR MÁR SÆVARSSYRIR



Birkir Már spilar við hlið bróður síns • Tvennutilboð

Afturelding fær öflugan liðsstyrk

Tímabilið er hafið hjá meistaraflokki karla í fótbolta hjá Aftureldingu en liðið vann ÍR 3-2 í 2. umferð Mjólkurbikarsins um síðustu helgi.

Joacim Holtan, sem kom til Aftureldingar frá Noregi á dögum, skoraði tvívegis og Óðinn Bjarkason eitt mark í þeim leik. Birkir Már Sævarsson lagði upp eitt af mörkunum en þessi mikli reynslubolti var að spila sinn fyrsta leik með Aftureldingu. Birkir er gríðarlega reynslumikill leikmaður en hann er fjórði leikjahæsti landsliðsmaður

Íslands frá upphafi með 103 A landsleiki. Birkir spilaði meðal annars með íslenska landsliðinu á EM í Frakklandi 2016 og á HM í Rússlandi 2018.

Birkir hefur þrívégis orðið Íslandsmeistari með Val á ferli sínum en hann spilaði einnig með Brann í Noregi og Hammarby í Svíþjóð á sínum tíma. Birkir spilar sinn fyrsta heimaleik með Aftureldingu á föstudaginn langa þegar liðið mætir Ými í 32-liða úrslitum Mjólkurbikarsins á Malbikstöðinni að Varmá.

HVATNINGARVERÐLAUN UMSK 2026 AFHENT



Árสปing í Hlégarði • Páll Líndal hlaut hvatningarverðlaun Mosfellingar heiðraðir á árสปingi UMSK

Árสปing UMSK fór fram í Hlégarði 26. mars síðastliðin. Þingið var vel sótt og einkennist af samstöðu.

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, hélt kröftugt ávarp og lagði í máli sínu áherslu á mikilvægi starfs sjálfbóðaliða og samstöðu innan Íþróttahreyfingarinnar, sem meðal annars birtist í sameiginlegri stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ.

Að venju var töluvert um viðurkenningar og heiðranir og hlaut Mosfellingurinn Páll

Líndal Hvatningarverðlaun UMSK 2026 en Páll hefur í nokkru ár staðið fyrir Golfmótinu „Palla Open“ þar sem hann hefur safnað um 16 milljónum króna sem hann hefur látið renna til góðgerðarmála.

Hjalti Árnason fyrir hönd Kraftlyftingafélags Mosfellsbæjar hlaut silfurmerki ÍSÍ og Gunna Stína var sæmd gullmerki UMFÍ.

Einnig hlutu starfsmerki UMFÍ Teitur Ingi Valmundsson og Guðrún Björg Elíasdóttir.



HJALTI OG WILLUM



GUNNA STÍNA



STELPURNAR MEÐ NEGLUNA

Hafið samstarf við Aftureldingu

Hafið Fiskverslun í samstarfi við meistaraflokk kvenna í handbolta hefur kynnt til leiks nýjan fiskrétt „Neglan“.

Í Neglunni er þorskur í black garlic með hvítlauk og kryddjurta marineringu, rétturinn er bragðbættur með góðu bragði af hvítlauk og kryddjurtum ásamt mjúku bragði af sætu og tómötum.

Rétturinn er fullur af hollustu og metnaði, hannaður af ungum konum sem vita hvað þær vilja. Innihaldið er útpælt og samanstendur af góðri næringu sem hentar fyrir hvaða áttök sem er.

Stelpurnar í Aftureldingu og Bjarki

Gunnarsson verslunarstjóri í Hafinu í Hlíðarsmára tóku samtal og vildu láta gott af okkur leiða og hvetja ungmenni til að borða hollt

Nokkrar þeirra eru fastir viðskiptavinir hjá okkur, ein þeirra er starfsmaður hjá okkur og hefur verið í nokkur ár. Svo hafa þær verið að selja vörur frá Hafinu í fjáröflun hjá sér.

Stelpurnar voru með ákveðna hugmynd af því hvaða brögð þær vildu hafa í réttinum. Síðan prufuðum við okkur áfram í réttum hlutföllum svo allt fengi að njóta sín í lokaafurðinni.

AFTURELDINGAR VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR



JAKO

SPORT ÍSLANDI

SUMARNÁMSKEIÐ BARNNA 2026

Golf og leikjánaðmskeið Golfklúbbs Mosfellsbæjar



JÚNÍ

1 | 15. - 19. (4 dagar - ekki 17. júní)

JÚLÍ

2 | 6. - 10. (5 dagar)

3 | 13. - 17. (5 dagar)

4 | 20. - 24. (5 dagar)

5 | 27. - 31. (5 dagar)

ÁGÚST

6 | 4. - 7. (4 dagar)

7 | 10. - 14. (5 dagar)



**SKRÁNING HEFST
2. APRÍL Á GOLF MOS.IS**



**BLAKDEILD AFTURELDINGAR
ÞAKKAR FYRIR STUÐNINGINN Í
KJÖRÍSBÍKARNUM**



PÁSKALAMBIÐ fæst í Kjötbúðinni

Mikið úrval af fylltum lambalærum og hryggjum
– pantaðu hátíðarmatinn tímanlega

Opnunartími yfir páska

Miðvikudag	10-18:30
Skírdag	13-18
Föstudaginn langa	lokað
Laugardag	11-18
Páskadag	lokað
Annan í páskum	lokað



KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

Grensásvegur 48, 108 Reykjavík | Sunnukriki 3, 270 Mosfellsbær

Bænastund og súpusamvera

Fyrsta bænastund og súpusamvera vorsins
þriðjudaginn 7. apríl kl. 11:30-13:00

Safnaðarheimili Lágafellskirkju
Þverholti 3, 3. hæð

Sérstakur gestur:
Guðrún Karls Helgudóttir
biskup Íslands

Öll Velkomin



Aðgangur ókeypis

ALVÖRU '80s PARTY

Hr. Eydís og Erna Hrönn



Hlégarður – 25. apríl

MOSFELLSBÆR



[Miðasala tix.is](http://Miðasala.tix.is)

Laus störf í Mosfellsbæ

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ
og stofnunum má sjá og sækja
um á ráðningarvef bæjarins:
www.mos.is/storf



Mosfellsbær

www.mos.is

525 6700



Helga Dögg
LJÓSMYNDIR

www.helgadogg.is





Sumarnámskeið Aftureldingar 2026



Badminton

Blak

Fimleikar

Frjálsar

Handbolti

Hjól

Knattspyrna

Körfubolti

Sund



Skráning á abler
afturelding.is



Sumarnámskeið Aftureldingar 2026



Blak
Badminton
Fimleikar
Frjálssar
Handbolti
Hjól
Knattspyrna
Körfubolti
Sund



Skráning á abler
afturelding.is



Sumarnámskeið Handbolti



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

29. - 3. JÚLÍ

10. - 14. ÁGÚST

17. - 21. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is





Sumarnámskeið Knattspyrna



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

29. - 3. JÚLÍ

6. - 10. JÚLÍ

10. - 14. ÁGÚST

17. - 21. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is



Sumarnámskeið Körfubolti



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

29. - 3. JÚLÍ

6. - 10. JÚLÍ

13. - 17. JÚLÍ

20. - 24. JÚLÍ

27. - 31. JÚLÍ

4. - 7. ÁGÚST

10. - 14. ÁGÚST

17. - 21. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is





Sumarnámskeið Hjóladeild



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

29. - 3. JÚLÍ

4. - 7. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is



Sumarnámskeið Fimleikar



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

29. - 3. JÚLÍ

6. - 10. JÚLÍ

4. - 7. ÁGÚST

10. - 14. ÁGÚST

17. - 21. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is





Sumarnámskeið Badminton



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

10. - 14. ÁGÚST

17. - 21. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is



Sumarnámskeið Blak, Sund og Frjálsar



NÁMSKEIÐ

15. - 19. JÚNÍ

22. - 26. JÚNÍ

29. - 3. JÚLÍ

6. - 10. JÚLÍ

10. - 14. ÁGÚST

17. - 21. ÁGÚST

Skráning á abler
afturelding.is



Í aðdraganda páska

Þar sem páskarnir eru að ganga í garð og margir komnir í páskafrí velti ég því fyrir mér hvort að vitneskjan um það af hverju við höldum páska sé að fjara út. Hver var þessi Jesús, hvernig tengist hann páskunum og hvar koma páskaegginn inn í söguna?



inn í trúarhugmyndir heldur líka í söguna. Þau læra að skilja betur hvernig samfélagið hefur þróast og hvaðan ákveðin gildi og venjur eiga rætur sínar að rekja. Slík þekking getur hjálpað þeim að setja nútímann í samhengi og styrkt tengsl þeirra við fortíðina.

Langst af var kristin trú nokkuð fyrirferðamikil í skólastarfi en með tímanum hafa áherslur breyst og í dag er fræðsla um kristni og önnur trúarbrögð hluti af samfélagsgreinum. Ein skýringin á þessari þróun er sú að skólinn á að vera fyrir alla og ekki styðja eina trú umfram aðra og vera þar af leiðandi hlutlaus gagnvart trúarbrögðum.

Sú viðleitni er mikilvæg og á fullt erindi í skólastarfi. En á sama tíma má velta fyrir sér hvort við séum farin að stíga of varlega til jarðar. Þegar skólar og leikskólar eru farnir að sleppa kirkjuheimsóknum og takmarka umfjöllun um uppruna hátíðanna er hætt við að merking þeirra dofni. Hátíðarnar verða þá fyrst og fremst frí frá daglegu amstri.

Að fræða börn um kristna trú og halda í hefðir í tengslum við páska er ekki það sama og að aðhyllast kristna trú og iðka hana. Þegar börn skilja af hverju við höldum jól og páska fá þau ekki aðeins innsýn

Fræðsla um eigin menningararf verður ekki til þess að minni virðing sé borin fyrir öðrum. Þvert á móti getur hún aukid skilning og umburðarlyndi fyrir öðrum sjónarmiðum og að læra um ólíkar hefðir.

Í skólastarfi er vel hægt að fjalla um uppruna hátíða, segja sögur og útskýra merkingu þeirra og fara í kirkjuheimsóknir án þess að gera kröfu um trú eða þátttöku. Þannig er verið að miðla þekkingu.

Með fræðslu verða páskarnir meira en bara frí. Þeir verða tækifæri til að skilja betur menningu okkar, söguna sem mótandi samfélagið og þær hugmyndir sem hafa haft áhrif á líf fólks í gegnum tíðina. Slík þekking getur dýpað skilning, aukid víðsýni og hjálpað börnum að átta sig á eigin rötum á sama tíma og þau læra að virða fjölbreytileikann.

Elin María Jónsdóttir skipar 10. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Börnin fyrst – ábyrgð sem við getum ekki frestað

Í samfélagi sem vill standa undir nafni þarf að tryggja að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa – ekki seinna, heldur þegar þörfin kemur upp.

Það á sérstaklega við um börn sem glíma við fjölbættan vanda og þurfa samstillt viðbrögð frá upphafi.



Fyrir börn með sérstakar þarfir þarf að tryggja virk og raunhæf úrræði sem taka mið af þeirra aðstæðum. Slík úrræði þurfa að vera sveigjanleg, aðgengileg og byggð á faglegri þekkingu, en jafnframt á mannlegum skilningi. Enginn á að þurfa að berjast við kerfið til að fá aðstoð.

Reynslan sýnir að velferðarkerfið grípur of oft of seint inn í. Þegar það gerist eru vandamál orðin dýpri, áhrifin meiri og úrræðin bæði kostnaðarsamari og erfiðari í framkvæmd. Þetta er ekki aðeins spurning um kerfi – heldur ábyrgð gagnvart börnum, foreldrum þeirra og öðrum aðstandendum.

Við þurfum að breyta þessari nálgun. Sveitarfélagið þarf að sýna frumkvæði og grípa fyrir inn í áður en börn falla í gegnum möskva kerfisins. Það kallar á skýrari sam-hæfingu milli skóla, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu, þar sem markmiðið er eitt: að bregðast tímanlega og markvisst við. Reynsla mín er að embættismenn margir, m.a. í Mosfellsbæ, hafa góðan vilja til að bregðast við en þeim skortir oft en ekki bjargir, fjármagn og tilsvarandi úrræði.

Það er einnig mikilvægt að styðja foreldra og aðstandendur betur. Þegar barn á í erfiðleikum hefur það áhrif á allt nærumhverfið. Með því að veita fjölskyldum markvissan stuðning má styrkja grunninn og bæta líðan barnsins til lengri tíma.

Við getum ekki sætt okkur við kerfi sem bregst of seint við þegar mest á reynir. Við eigum að byggja upp samfélag sem sér, skilur og bregst við – strax. Það er ekki aðeins réttlætismál, heldur fjárhagslega skynsamlegt og samfélagslega nauðsynlegt.

Börnin okkar eiga ekki að falla í gegnum möskvana. Þau eiga að fá tækifæri til að dafna – og það er okkar sameiginlega ábyrgð að tryggja það.

Ingibjörg Einarisdóttir - Skipar 2. sæti á lista Miðflokksins í Mosfellsbæ

Áfram veginn - í þágu barna og ungmenna

Sveitarstjórnarmál snúast fyrst og fremst um nærsamfélagið, það sem snertir daglegt líf fólks. Þess vegna hefur verið ánægjulegt að fylgjast með því hvernig meirihlutinn í Mosfellsbæ hefur unnið markvisst að því að styrkja umhverfi barna og ungmenna.



opnunartími íþróttamannvirkja lengdur fyrir ungmenni og starf í félagsmiðstöðvum eftl. Þá hefur aðgengi að sálfræðipjónustu í skólum verið bætt og unglingaráðgjafi tekið til starfa. Allt skiptir þetta máli.



Þessi verkefni eru ekki búin og það skiptir máli að við í Samfylkingunni fáum að halda áfram að setja börn og ungmenni í forgang því það sem hefur verið byggt upp þarf að fá að festa rætur og þróast áfram. Við vitum að þær ákvarðanir sem eru teknar í dag hafa bein áhrif á líf barna og ungmenna til framtíðar. Þess vegna er mikilvægt að halda áfram að leita eftir sjónarmiðum barna og ungmenna og tryggja að þau hafi raunveruleg áhrif á nærumhverfi sitt.

Sú vinna byggir á átaks- og forvarnarverkefningu Börninn okkar og innleiðingu barnvæns sveitarfélags. Lögð er áhersla á snemmtæka fhlutun, betra aðgengi að stuðningi og aukna samvinnu milli kerfa. Markmiðið er að bregðast fyrir við og styðja betur við börn, ungmenni og fjölskyldur í Mosfellsbæ.

Það gerði Samfylkingin ásamt samstarfsflokki í meirihlutunum af festu og með skýrri sýn hvernig bæta mætti líðan og auka virkt samtal við börn og ungmenni í Mosfellsbæ.

Þetta hefur þegar skilað sér í breyttu verklagi og auknu samstarfi milli skóla, frístundastarfs og velferðarþjónustu, með það að markmiði að þjónustan verði samfelldari og betur samhæfð í kringum hvert barn og ungmenni. Ungmennaráð hefur verið eflað og þátttaka barna og ungmenna aukin með markvissari leiðum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þá hefur aðgengi foreldra að ráðgjöf og stuðningi verið bætt, unnið að skýrari verkferlum og aukinni eftirfylgd í málum barna og ungmenna í viðkvæmri stöðu. Frístundastyrkur hefur verið hækkaður þannig að fleiri börn geti tekið þátt í skipulögðu frístundastarfi.

Það er ekki nóg að setja fram stefnur heldur þarf að fylgja þeim eftir í daglegu starfi. Það krefst þess að við séum stöðugt að meta hvað virkar, hvað má bæta og hvar þarf að bregðast við.

Samfylkingin vill halda áfram þeirri vinnu sem hefur verið sett af stað. Með skýrri sýn, ábyrgri forgangsröðun og festu.

Því hvernig við stöndum að málefnum barna og ungmenna endurspeglar það samfélag sem við viljum byggja börnum og ungmennum í Mosfellsbæ.

Guðný Maja Riba, kennari og Auður Einarisdóttir, laganemi, skipa 2. og 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.

Heima er best

Eftir tveggja ára dvöl í Svíþjóð var í raun aldrei spurning hvort ég stefndi þegar ég pakkaði niður í töskurnar, ég ætlaði heim, aftur til Mosfellsbæjar.



bæinn enn barnvænni. Opnunartími sundlauga hefur verið lengdur á virkum dögum, leikvöllum hefur fjölgað og skólalóðir verið endurbættar. Stuðningsúrræði við foreldra hafa verið eflid í formi ráðgjafar og námskeiða.

Það hljómar einfalt þegar maður segir það svona, en það er ekki auðvelt að flytja erlendis. Maður skilur eftir vini, fjölskyldu og allt það sem maður er vanur að hafa í kringum sig. Allt í einu er maður kominn eitthvert annað þar sem allt er nýtt.

Á sama tíma blasa við okkur verkefni sem skipta miklu máli á næstu árum.

Fyrst er það spennandi. Nýtt umhverfi, nýtt fólk og nýtt tungumál. Ég lærði fullt á því að búa úti. En eftir smá tíma fer maður líka að taka eftir því sem vantar og þess sem maður saknar. Stundum þarf einfaldlega að fara í burtu til að sjá hversu gott maður hefur það.

Þess vegna hugsaði ég mig ekki tvisvar um þegar kom að því að flytja aftur til Íslands, að koma heim í Mosfellsbæ.

Að koma aftur með fersk augu er sérstök upplifun. Maður sér allt það sem vel er gert og finnur líka hversu mörg tækifæri eru til að gera enn betur. Eitt af því sem stendur upp úr fyrir mér er hversu mikilvægt er að halda áfram að efla rödd ungs fólks í því hvernig bærinn okkar þróast.

Húsnæðismál eru þar ofarlega á baugi. Mosfellsbær hefur vaxið hratt undanfarin ár og sá vöxtur kallar á áframhaldandi uppbyggingu, bæði í innviðum og í tækifærum fyrir ungt fólk sem vill koma sér fyrir og byggja framtíð sína hér.

Það er líka annað sem skiptir máli, þó það sé erfiðara að mæla. Tilfinningin að rödd manns skipti máli. Að hlustað sé á sjónarmið ungs fólks og þau fái vægi í ákvarðanatöku. Sú tilfinning hefur mikið að segja um það hvort fólk velur að setjast hér að, taka þátt og leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Ég er stoltur af því trausti sem mér hefur verið sýnt með því að fá að skipa þriðja sæti á lista Framsóknar. Það er skýr viðurkenning á því að rödd ungs fólks skiptir máli og á að eiga sess við borðið.

Á þessu kjörtímabili hefur Framsókn í Mosfellsbæ tekið mikilvæg skref í málafnum ungs fólks. Félagsmiðstöðin Bólið er opin allt árið um kring, aukin áhersla á forvarnir og lýðheilsu ungs fólks og íþrótt- og tómstundastarf hefur styrkst.

Frístundastyrkir hafa verið hækkaðir og bætt aðgengi fyrir ungt fólk að sálfræðipjónustu og félagsráðgjöf. Afturelding heldur áfram að vaxa og þróast sem öflugt félag með aðgengi fyrir alla. Þetta eru raunveruleg framfaraskref sem skipta máli.

Einnig hefur verið lögð áhersla á að gera

Í komandi kosningum mun ég standa með ungu fólki í Mosfellsbæ og leggja áherslu á að rödd þeirra sé sterk. Ég er einn af ykkur og ég mun leggja mitt af mörkum til að bæringin haldi áfram að vaxa og vera góður valkostur fyrir ungt fólk að búa og byggja sína framtíð. Tryggjum áfamhaldandi góða stjórnun bæjarins á næsta kjörtímabili og setjum X við B.

Leifur Ingi Eysteinnsson 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Mosfellsbæ

Dreymir þig um eigið húsnæði?

Hafðu samband
Svanþór Einarsson
Löggitur fasteignasali

Fasteignasala
Mosfellsbæjar

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is



...fylgstu með okkur

www.facebook.com/mosfellingur



Sumarnámskeið fyrir börn og unglunga



Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglunga í Mosfellsbæ. Upplýsingar um námskeið í boði koma inn á vef Mosfellsbæjar, mos.is/fristund

mos.is/fristund

Stuðningur

Frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ.

Nánari upplýsingar: elisan@mos.is.

Ert þú að halda námskeið?

Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglunga geta sent upplýsingar á gudjons@mos.is.

Samstaða og skynsemi í þágu Mosfellsbæjar

Mosfellsbær stendur á tímamótum þar sem mikilvægt er að horfa til framtíðar með skýra sýn og ábyrgum hætti.

Á næstu árum þarf að byggja á því sem vel hefur tekist, en jafnframt taka á þeim verkefnum sem blasa við með samstöðu og skynsemi að leiðarljósi.

Í skóla- og velferðarmálum leggur Miðflokkurinn ríka áherslu á að tryggja stöðugleika og gæði. Börn og fjölskyldur eiga að finna fyrir öryggi og stuðningi í nærumhverfi sínu, þar sem menntun, uppeldi og velferð fara saman.

Á sama tíma þarf að efla þjónustu við eldri borgara, þannig að þeir geti búið við reisn, öryggi og virðingu í sínu samfélagi.

Þá skiptir miklu að skipulags- og samgöngumál séu unnin af festu og ábyrgð.



Uppbygging þarf að taka mið af raunverulegum þörfum íbúa, gæta jafnvægis í þróun bæjarins og tryggja að fjárhagur hans standist álagið. Skynsamleg forgangsröðun og langtímahugsun eru lykilatriði í því samhengi.

Rekstur bæjarins þarf að vera hagkvæmur og gagnsær, þar sem hver króna er nýtt með ábyrgum hætti. Með traustri stjórn og aukinni skilvirkni í stjórnsýslu er hægt að bæta þjónustu við íbúa án þess að auka óþarfa útgjöld.

Með samstilltu átaki og skýrri sýn er hægt að byggja upp Mosfellsbæ til framtíðar – samfélag þar sem velferð, ábyrgð og skynsemi fara saman í þágu allra íbúa.

Sveinn Óskar Sigurðsson, oddviti Miðflokksins í Mosfellsbæ

Vandað skipulag og náttúrutengsl – lykill að góðum bæjarbrag

Bæjarbragur er sú heildarupplifun sem fólk hefur af bæjarfélagi sínu. Hann mótast af samspili byggðar, mannlífs, byggðarsögu, samfélagsbreytingum og gildismati kynslóða. Segja má að skipulagsmál vegi þungt hvað varðar mótun á bæjarbragnum, en ekki síður tengslin við náttúruna.

Í umræðu um þróun nýrra hverfa er oft rætt um byggðarþéttleika og þá stundum haldið fram að aukinn þéttleiki hafi neikvæð áhrif á lífsgæði og bæjarbrag. Rannsóknir gefa hins vegar til kynna að þéttleiki einn og sér, er í raun ekki lykilbreyta. Það sem íbúar leggja mest upp úr eru gæði skipulagsins:

mannlegur skali, þar sem hæð og umfang bygginga eru í samræmi við upplifun fólks, góð almenningsrými, fjölbreytni í byggð og sterk tengsl við nærumhverfi og náttúru. Það sem virðist helst draga úr jákvæðri upplifun í nýjum hverfum er mikil einseleitni, bæði í byggðarmynstri og félagslegri samsetningu.

Sterk tenging við náttúruna kemur aftur og aftur fram sem eitt mikilvægasta gæðamat fólks á búsetu. Græn svæði, trjágróður, vatn, göngu- og hjólaleiðir og tengsl við sitt nærlandslag stuðla að aukinni vellíðan, betri heilsu og sterkari staðartengingu. Í Mosfellsbæ, með sín fell og grænu svæði, hafa þessi náttúrutengsl alltaf verið sérstaða bæjarins og órjúfanlegur hluti af



bæjarbragnum. Blikastaðaland er eitt stærsta þróunarsvæði Mosfellsbæjar og þar gefst tækifæri til að móta nýjan bæjarhluta þar sem skipulag, samfélag og náttúra mynda samfellda heild. Mikilvægt er að byggja upp blandaða íbúðabyggð með fjölbreyttum húsagerðum og búsetuformum, svo ólíkir hópar geti fundið sér stað. Slík fjölbreytni eflir samfélagið, styrkir undirstöður öflugrar nærþjónustu og stuðlar að auknum tengslum milli bæjarbúa. Umhverfisvernd og sjálfbærni verða leiðarljós í skipulagi svæðisins. Græn rými, vistvænar lausnir og góðar tengingar innan hverfis eiga að mynda burðarás byggðarinnar. Með mannlegum skala, vönduðum almenningsrýmum og sterkum náttúrutengslum verða til lifandi og aðlaðandi hverfi.

Góður bæjarbragur verður ekki til með húsum einum saman heldur í samspili fólks, rýma og náttúru. Með vönduðu skipulagi sem byggir á fjölbreytni og náttúrulegum gæðum mun Mosfellsbær halda áfram að þróast og stækka í takt við þann einstaka bæjaranda sem bæjarbúar kunna að meta og vilja varðveita.

Ómar Ingpórsson, landslagsarkitekt og aðalmaður í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, og Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson, efnaverkfræðingur, skipa 3. og 5. sæti á lista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.



Mosfellsbær – gott samfélag sem við getum gert enn betra

Ég býð mig fram í fyrsta sinn til sveitarstjórnar og það er bæði spennandi og krefjandi skref. Ástæðan er einföld: ég vil leggja mitt af mörkum til að bæta samfélagið sem við búum í.

Mosfellsbær er öflugt og gott samfélag. Hér er fjölbreytt mannlíf, sterkir skólar og mikil tækifæri til framtíðar. Á undanfögnu kjörtímabili hefur verið unnið að mikilvægum verkefnum, meðal annars með áherslu á skipulag, velferð og uppbyggingu innviða. Það skiptir máli að halda þeirri vinnu áfram – en jafnframt að gera betur þar sem þarf.

Ákvarðanir á traustum grunni

Það sem mér finnst skipta mestu máli er að ákvarðanir séu teknar á traustum grunni. Skipulagsmál, uppbygging og þjónusta við íbúa þurfa að byggja á faglegri greiningu, gagnsæi og raunverulegu samtali við bæjarbúa. Þegar vel tekst til skapast meiri sátt um uppbyggingu og betri niðurstöður fyrir samfélagið allt.

Við stöndum frammi fyrir vexti og breytingum. Þá skiptir máli að horfa til heildar myndarinnar:

- Að skipulag bæjarins þjóni fólki á öllum aldri
- Að þjónusta haldi í við þróun
- Að rekstur sé ábyrgur og skilvirkur
- Að við nýtum tækifæri til nýsköpunar og



framfara

Ég tel mikilvægt að við einbeitum okkur að því að einfalda ferla, bæta samskipti og tryggja að íbúar hafi raunverulega aðkomu að ákvörðunum. Það er ekki aðeins spurning um lýðræði – heldur líka um betri niðurstöður.

Viðreisn í Mosfellsbæ

Sem nýr framþjóðandi kem ég inn með ferska sýn en einnig með reynslu sem nýtist til að nálgast verkefni af fagmennsku og ábyrgð. Ég vil leggja mitt af mörkum til að taka upplýstar ákvarðanir, vinna vel með öðrum og horfa til framtíðar.

Ég er jafnframt stoltur af því að vera hluti af öflugum lista Viðreisnar í Mosfellsbæ. Þar fer saman fólk með víðtæka reynslu, þekkingu og skýra sýn á málefni bæjarins. Sá styrkur sem felst í þessum hópi skiptir máli þegar taka þarf upplýstar ákvarðanir og vinna að farsælli uppbyggingu til framtíðar.

Mosfellsbær á að vera staður þar sem gott er að búa – á öllum æviskeiðum.

Það gerist ekki af sjálfu sér – heldur með markvissri vinnu og skýrum áherslum.

Ég vil taka þátt í þeirri vinnu og bið um þinn stuðning.

Birgir Örn Birgisson

7. sæti á lista Viðreisnar í Mosfellsbæ

Jöfn tækifæri og skynsamleg forgangsröðun í Mosfellsbæ

Kæri Mosfellingur.

Nú líður að sveitarstjórnarkosningum 2026 og ég skipa 3. sæti á lista Miðflokksins í Mosfellsbæ. Mosfellsbær er gott samfélag með marga styrkleika, en það eru einnig mikilvæg mál sem hafa setið á haknum og þarf að taka af festu.



Sérstaka athygli vekur að ráðist er í kostnaðarsamar framkvæmdir, svo sem lýsingu á Varmárvelli samkvæmt alþjóðlegum stöðlum, á sama tíma og aðstaða fyrir frjálsar íþróttir er ekki byggð upp með þeim hætti að þar sé hægt að halda lögleg mót eða stærri keppnir. Hér þarf að forgangsráða með skynsemi og jafnræði að leiðarljósi.

Í mínun huga er eitt þeirra aðgengi fatlaðra að íþróttum og hreyfingu. Það er einfaldlega ekki ásættanlegt að þessi hópur hafi ekki jafnan aðgang að líkamsrækt og íþróttastarfi í bæjarfélaginu.

Sveitarfélaginu ber skylda til að tryggja öllum íbúum jöfn tækifæri – þar á meðal þeim sem þurfa á sértekum úrræðum að halda.

Sama á við um einstaklingsíþróttir, svo sem frjálsar íþróttir. Á síðustu árum hefur Mosfellsbær litið sem ekkert látið að sér kveða á stærstu mótum landsins. Það er áhyggjuefni og bendir til þess að aðstaða og uppbygging á þessu sviði sé ekki nægjanleg. Það er ekki boðlegt að uppbygging íþróttamannvirkja taki fyrst og fremst mið af ákveðnum greinum á meðan aðrar sitja eftir.

Þá er mikilvægt að staldra við og spyrja gagnrýninnna spurninga um stór verkefni, svo sem borgarlínuna. Hver verður raunverulegur kostnaður fyrir samfélagið okkar og hvaða áhrif hefur hann til lengri tíma? Við verðum að gæta að fjárhag bæjarins og taka ákvarðanir sem standast bæði skammtíma- og langtímahagsmunum íbúa.

Mosfellsbær á að vera samfélag þar sem allir fá notið sín – óháð aðstæðum eða íþróttavali. Með sanngirni, ábyrgð og skýrri forgangsröðun getum við náð því markmiði.

Áfram Mosó.

Hjalta Árnason



Af hverju Framsókn?

Ég heiti Elín Guðný Hlökkversdóttir og fæ þann heiður að skípa 4. sæti á lista Framsóknar í komandi sveitarstjórnarkosningum.



Í gegnum árin hef ég lagt mig fram um að vera virkur íbúi í Mosfellsbæ. Ég hef verið þátttakandi í foreldrafélögum leik- og grunn-skóla barnanna minna frá því þau hófu sína skólagöngu árið 2015 og er enn, hef látið mig varða málefni Aftureldingar í gegnum íþróttaiðkun barnanna minna þar sem ég hef setið í stjórnun deilda innan íþróttafélagsins og einnig sinnt sjálfbóðaliðastarfi.

Ég hef unnið með og í þágu íbúasamtaka Leirvogstungu frá árinu 2016 ásamt því að taka þátt í starfi Soroptimistaklúbbs Mosfellsveitar.

Þetta geri ég með ánægju og mikilli gleði því mér þykir gott og gaman að geta lagt mitt af mörkum.

Með þessa reynslu að baki tel ég komið að því að stíga næsta skref og bjóða fram krafta mína í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Hver er Elín Guðný?

Ég er 39 ára gömul, gift og á tvö börn. Ég sleit barnsskónum í Grafarvoginum en flutti í Mosfellsbæ árið 2010. Hér höfum við fjölskyldan fest rætur og fundið samfélag þar sem okkur líður vel.

Ég er þeirrar gæfu aðnjótandi að starfa líka í Mosfellsbæ en ég vinn hjá fyrirtæki sem heitir LED skilti. Áður var ég í fjölda mörg ár í veitingageiranum og sú reynsla kenndi mér margt, meðal annars hvað samvinna er mikilvæg og hvað það er gott að geta unnið með breiðum hópi fólks.

Samfélagsþátttaka hefur verið mér hugleikin frá því ég flutti í Mosfellsbæ og

ég hef lagt mig fram um að taka virkan þátt. Í gegnum þennan áhuga minn á samfélaginu hef ég fundið hvað það skiptir miklu máli að láta sig málin varða og hvað það er mikilvægt að vera reiðubúin að leggja hönd á plóg. Því saman byggjum við samfélagið okkar og það er mikilvægt að raddir okkar bæjarbúa heyrist.

Ástæðan fyrir því að ég vel að verja kröftum mínum með Framsókn byggir á minni eigin reynslu.

Í gegnum árin hef ég átt í samskiptum við bæinn vegna ýmissa málefna sem ég hef brunnið fyrir. Frá því að Framsókn komst í meirihluta hef ég fundið fyrir jákvæðum breytingum.

Síðustu 4 ár hefur verið hlustað og ekki bara hlustað, líka framkvæmt og það hefur svo sannarlega verið sýndur raunverulegur vilji til að gera vel fyrir íbúa Mosfellsbæjar.

Þó ekki sé hægt að verða við öllum óskum eða möguleiki á að ráðast í öll verkefni í einu er tekið mark á því sem lagt er til, unnið úr því sem hægt er að gera og haldið uppi opnu samtali.

Það er sú nálgun sem ég vil standa fyrir.

Ég vil leggja áframhaldandi áherslu á opið samtal við íbúa og að ákvarðanir byggja á raunverulegum þörfum bæjarbúa.

Ég vil leggja mitt af mörkum til að Mosfellsbær verði áfram góður staður til að búa á.

Ég er vinnusöm og tilbúin að hlusta og leggja á mig vinnuna sem þarf til að láta verkin tala.

Elín Guðný Hlökkversdóttir
4. sæti á lista Framsóknar

Ein helsta grunnstoð samfélagsins er fjölbreytt íþróttastarf

Nú til dags sækjum við fullorðna fólkið í auknum mæli í hreyfingu eða íþróttir sem eiga það sameiginlegt að leggja áherslu á fjölbreytni.

Hér má nefna til dæmis crossfit, blandaðar bardagaíþróttir, hyrox, utanvegahlaup, hóptíma í ræktinni og lengi mætti áfram telja. Við viljum hafa val um að geta skipt um hreyfingu ef okkur fer að leiðast, og best væri ef þetta væri allt aðgengilegt á einum og sama staðnum.

Nýlega var tilkynnt um fyrirtæki sem selur miðlægt aðgangskort á milli stöðva, þar sem einstaklingur greiðir eitt verð en fær aðgang að mismunandi líkamsræktarstöðvum. Þá verður manni hugsað til barna- og ungmennastarfs og sérhæfingar í ákveðnum íþróttum.

Ég hef síðustu ár lagt mikið kapp á að koma mínum börnum sem fyrst í íþróttir og hafa þau bæði byrjað í fimleikum fyrir tveggja ára aldur. Ástæðan er einföld, fjölbreytni æfinga og fimleikar eru frábær grunnur fyrir hvaða íþrótt sem barnið kemur til með að velja sér þegar það eldist.

Börn fara svo að velja sér greinar í fyrstu bekkjum grunnskóla og vilja fá að prófa hinar og þessar íþróttir til að finna hvað þeim finnst skemmtilegast. Oft fylgja þau vinum sínum sem hafa kannski fundið sína íþrótt. Foreldrar leggja sig flest fram við að aðstoða við val enda er ekki raunhæft, út frá kostnaðarsjónarmiðum, að stunda allar íþróttirnar.

Þótt iðkendagjöld séu stærsti útgjaldaliðurinn þá bætast við búnaður, keppnisgjöld og annað sem til fellur. Frístundastyrkurinn er mikilvægur fjárhagslegur stuðningur sem stuðlar að jöfnum tækifærum barna til íþróttaiðkunar og félagslegra tengsla en hann dugir oft aðeins fyrir einni íþrótt. Ódýrri íþrótt.



Nýting frístundastyrksins minnkar svo verulega þegar börn komast á unglingsár, á sama tíma og brottfall úr íþróttum er hvað mest. Af hverju er það? Vandamálið tel ég vera fjölbreytt en samt sem áður einfalt. Brottfall úr íþrótt á sér stað þegar einstaklingur missir áhugann. Hér þurfa þjálfarar og íþróttafélög að sýna samstöðu, skilning og sveigjanleika og styðja ungmenni í því að finna þá leið sem veur áhuga þeirra. Þjálfarar og stjórnendur mega ekki taka því illa þegar iðkendur vilja prófa eitthvað nýtt. Iðkendur eru ekki okkar eign.

Að því sögðu þá snýst þetta um fjármagn eins og svo margt annað. Hver og ein deild innan íþróttafélaganna þarf að berjast fyrir sínum iðkendum til þess að fjármagna starfið sitt og svo má ekki gleyma þrotlausri vinnu sjálfbóðaliða. Iðkendafjöldi hefur bein áhrif á styrk og því fleiri iðkendur - því meira fjármagn.

Er miðlægt aðgangskort innan íþróttafélaga lausnir?

Ég tel að fleiri iðkendur myndu skila sér í íþróttafélögin með miðlægu greinakorti þ.e. að börn og ungmenni geti keypt eitt kort og átt kost á að stunda þær greinar sem íþróttafélagið hefur upp á að bjóða.

Þetta er verðugt verkefni, við sem erum orðin fullorðin kjósum fjölbreytni, af hverju ættu ungmenni að kjósa eitthvað annað? Markmiðið hlýtur alltaf að vera að halda börnum og ungmennum í íþróttum eins lengi og hægt er og stuðla þannig að farsæld þeirra, enda vitum við að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi hefur gríðarlega mikið forvarnargildi.

Magnús Ingi Ingvarsson skipar 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum

Við myndun núverandi meirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks og Viðreisnar fyrir bráðum fjórum árum voru velferðarmál í víðum skilningi ofarlega á blaði.

Við vorum meira en tilbúin til að einhenda okkur í þær miklu umbætur sem við vorum sammála um að væru nauðsynlegar og til hagsbóta fyrir okkar góða samfélag. Þar var eitt mikilvægasta verkefnið samþætting þjónustu við aldrada.



hvað varðar velgengi og framgang verkefnisins.

Skrifað var undir tilraunaverkefnið Gott að eldast, Förum alla leið – samþætt þjónusta í heimahúsum, auk stækkunar á dagdvalarþjónustu 1. apríl 2025.

Í dag eru 35 dagdvalarrými í Mosfellsbæ. Samið var við Eir um

að sinna allri þessari þjónustu fyrir Mosfellsbæ og Heilsugæslu höfðborgarsvæðisins. Sett var á fót móttöku- og matsteymi en markmið þess er að tryggja samræmt mat á þjónustupörf og samhæfingu þjónustu milli aðila til að styðja við að einstaklingar geti búið sem lengst heima með viðeigandi stuðningi.

Einnig hefur verið komið á fót heimendurhæfingarteymi sem sinnir markvissri endurhæfingu í heimahúsum.

Almenn ánægja er með þetta verkefni sem og þjónustuna sem er margfalt betri en áður. Með frábæru starfsfólki og sterkri aðkomu Mosfellsbæjar, Heilsugæslunnar og Eirar hefur verið alveg ótrúlegt að fylgjast með hve hefur miklu hefur verið áorkað á eins einu ári.

Þess má geta að á landsvísu er nú horft til Mosfellsbæjar sem fyrirmyndar, þegar kemur að samþættri heilbrigðis og heimabjónustu og innleiðingu hennar.

Enn eru tækifæri til að efla og auk enn þjónustu við aldrada íbúa Mosfellsbæjar. Í þeirri vinnu er nauðsynlegt að hlusta á þau sem njóta eiga þjónustunnar og Samfylkingin er tilbúin til þess.

Ólafur Ingi Óskarsson, formaður Velferðarnefndar Mosfellsbæjar og leiðir framboðslista Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ

Framkvæmdir og skipulag

Framkvæmdir undanþegnar byggingarheimild og byggingarleyfi

Yfir sumartímamann kallar garðurinn, pallurinn og lóðin á ýmsar framkvæmdir og viðhald. Áður en farið er í framkvæmdir er mikilvægt að athuga hvort framkvæmdirnar séu háðar byggingarleyfi, samþykki sveitarfélagsins, aðkomu nággranna eða þarfnist frekara rýni skipulags.

Nýir skjólveggir og pallasmíði, gerð garðhýsa, bílastæða og sorpgeymslu eða frágangur við lóðarmörk eru dæmi um framkvæmdir sem gætu þurft samþykki byggingarfulltrúa og/eða nággranna.

Nánari upplýsingar á mos.is/framkvaemdir

Mosfellsbær

mos.is



LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS
SMÁGRÖFUR OG VINNUVÉLAR Á FRÁBÆRU VERÐI



B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

www.bmarkan.is



HJÁLMAR GUÐMUNDSSON
LÖGGILDUR HÚSAMÍÐAMEISTARI
S: 6959922
FHSVERK@GMAIL.COM



BYGGINGAVERKTAKI

FÓTAÆÐGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Opið bréf til verðandi bæjarfulltrúa:

Uppbygging á Blikastaðalandi

Í tilefni þess að ný bæjarstjórn verður brátt kjörin og frambjóðendur móta um þessar mundir áherslur sínar fyrir komandi kjörtímabil, vill Foreldrafélag Lágafellsskóla beina sjónum þeirra að aðkallandi innviðavanda sem er í uppbyggingu vegna yfirvofandi uppbyggingar á Blikastaðalandi.

Á sama tíma og ber að fagna áframhaldandi vexti samfélagsins þarf að leggja ríka áherslu á að þróun íbúðabyggingar eigi sér stað samhliða uppbyggingu innviða fyrir grunnskólabörn.

Reynsla Mosfellsbæjar af uppbyggingu Helgafellshverfis hlýtur að teljast víti til varnaðar. Þar var ráðist í umfangsmikla íbúðaupbyggingu án þess að félagslegir innviðir fylgdu með frá upphafi. Afleiðingin varð sprenging í nemendafjölda í grunnskólum Mosfellsbæjar utan Helgafellshverfis, sem hafa þurft að glíma við langvarandi plássleysi, notkun færarlegra kennslustofa og mikið álag á starfsfólk og nemendur.

Þá er álag á íþróttahús og sundaðstöðu í Mosfellsbæ þegar slíkt að aðgengi nemenda er verulega takmarkað. Búast má við að uppbygging á Blikastaðalandi muni auka verulega á þann vanda enda þar sem engin ný íþróttahús eða sundlaugar eru á teikniborðinu.



Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir benda því miður til þess að sagan sé að endurtaka sig; að hagsmunir grunnskólabarna verði aftur undir í kapphlaupinu við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis með ófyrirséðum afleiðingum fyrir skólastarf í Lágafellsskóla og daglegt líf nýrra Mosfellinga Blikastaðalands.

Foreldrafélag Lágafellsskóla skorar á frambjóðendur að tryggja að uppbygging íbúðarhúsnæðis haldist í hendur við uppbyggingu skóla og annarra nauðsynlegra innviða.

Við köllum eftir raunhæfri áætlun um hvernig verja skuli hagsmunum nemenda og starfsfólks grunnskóla Mosfellsbæjar svo gæðum skólastarfs verði ekki fórnad fyrir hraða uppbyggingu í Blikastaðalandi

Mosfellsbær er meira en bara þyrping húsa á útjaðri höfuðborgarsvæðisins. Hann er hið félagslega umhverfi sem við bjóðum börnunum okkar upp á. Sýnum í verki að við höfum lært af reynslunni og gerum betur við uppbyggingu Blikastaðalands.

Fyrir hönd Foreldrafélags Lágafellsskóla
- Matthías Ólafsson

Getum gert betur í grunnskólamálu í Mosfellsbæ

Öflugir grunnskólar eru ein mikilvægasta stoð samfélagsins. Þar verja börn stórum hluta dagsins og þar mótast bæði þekking þeirra og félagsfærni til framtíðar.

Í Mosfellsbæ eigum við góða skóla og metnaðarfullt starfsfólk, en eins og víða annars staðar hefur álag aukist á kennara og stuðningsþjónustu. Það er ljóst að við þurfum að bregðast við. Þá spyr ég þarf mögulega að pressa á að setja fjármagn í úrræðin og forgangsraða betur, sem þýðir aukið starfshlutfall sérfræðinga?

Svar mitt er já. Börn eru ólík og þurfa mismunandi stuðning á sinni skólagöngu. Sum þurfa meiri aðstoð við nám, önnur við tal og enn önnur við samskipti eða félagsfærni. Þess vegna er lykilatriði að skólarnir hafi aðgang að fjölbreyttri fagþekkingu.

Við erum hins vegar eftir á miðað við nágrannasveitarfélög þegar kemur að t.d. tal-



meinaþjónustu og aðgengi að sérhæfðu fagfólki. Það birtist meðal annars í biðlistum og takmörkuðum úrræðum. Við þurfum að efla stuðningsþjónustu innan skólanna, fjölga fagmenntuðum sérfræðingum á borð við þroskaþjálfara, talmeinafræðinga og sálfræðinga og stytta biðtíma eftir þjónustu. Með öflugri teymisvinnu kennara og sérfræðinga er hægt að grípa fyrir inn í og tryggja að hvert barn fái þann stuðning sem það þarf, þegar þess er þörf. En þessu verður ekki breytt nema við aukum fjármagn og ráðum í störf sem eru brýn nauðsyn inn í skólasamfélagið.

Grunnskólarnir í Mosfellsbæ standa sig vel en við getum alltaf gert enn betur. Með skýrri stefnu og skynsamlegri forgangsroðun getum við byggt upp öflugt skólasamfélag þar sem hvert barn fær að njóta sín og dafna samkvæmt eigin getu.

Nína Hulda Leifsdóttir skipar 20. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Viðreisn setur börn í forgang

Þegar það kemur að þjónustu við börn og fjölskyldur þá skarar Mosfellsbær fram úr í samanburði við mörg sveitarfélög. Viðreisn hefur setið í meirihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar undanfarin fjögur ár og stutt við verkefnið „Börnin okkar“.

Farið var í 27 aðgerðir með áherslu á almennar forvarnir, snemmtækrar íhlutunar og styrkingar barnaverndarstarfs. Einn af þessum liðum er aukið aðgengi ungmenna að sálfræðiþjónustu og ráðgjöf til foreldra. Á kjörtímabilinu hefur starfsumhverfi leikskóla verið bætt, þar sem „Mosfellska leiðin“ var farin, án meiri kostnaðar eða verulegrar þjónustuskerðingar fyrir foreldra. Bætt starfsumhverfi leikskólanna hefur leitt af sér fjölgun fagfólks í skólunum og færri veikindadaga starfsmanna. Þessar aðgerðir leiða til meiri vellíðunar barna og jákvæðra áhrifa á fjölskyldur í Mosfellsbæ.

Öryggi leikskólabarna

Öryggi leikskólabarna hefur verið í brennidepli undanfarandi og hafa allt of mörg tilfelli komið fram þar sem grunur er um ofbeldi gagnvart yngstu börnum landsins. Þegar svona



mál koma upp skiptir máli að hafa skýra verkferla og áfallamiðaða nálgun fyrir barnið, foreldra þess og starfsfólk skólans.

Undirritaðar hafa boðið sig fram fyrir hönd Viðreisnar í Mosfellsbæ og vilja leggja sérstaka áherslu og öryggi og vellíðan barna. Listinn okkar samanstendur af fólki með áratuga reynslu af áfallamiðaðri vinnu, bæði með börnum og fullorðnum.

Við viljum halda áfram því góða starfi sem meirihlutinn í Mosfellsbæ hefur unnið að síðastliðin fjögur og ár og leggja okkar af mörkum við að gera bæinn okkar enn ruggari fyrir börn og fjölskyldur, með aðgerðum sem virka.

Til þess þurfum við atkvæði ykkar í sveitarstjórnarkosningunum 16. maí næstkomandi. Þið getið treyst okkur fyrir krefjandi verkefnum því Viðreisn lætur verkin tala.

Elin Anna Gísladóttir 3. sæti á lista Viðreisnar í Mosfellsbæ og fulltrúi Viðreisnar í fræðslunefnd Mosfellsbæjar 2019-2026 og Berglind Robertsson Grétarsdóttir 4. sæti á lista Viðreisnar í Mosfellsbæ, leikskólastjóri og sjálfboðaliði í áfallateymi RÍK.



Námskeið



Ertu að tengja við unglingsinn þinn?

Fyrir foreldra barna á aldrinum 10-16 ára.

Unglingsárin eru tímabil mikilla líkamlegra, andlegra og félagslegra breytinga sem geta haft áhrif á hegðun, svefn og líðan unglings. Þetta getur reynst bæði unglingsum og foreldrum þeirra krefjandi.

Markmið námskeiðsins er að:

- Styrkja tengsl foreldra og unglings
- Auka skilning foreldra á þroskaferli unglings
- Veita hagnýt verkfæri til að efla samskipti, styðja við geðheilsu og bæta velferð bæði foreldra og barna

Tímasetning:

Þrjú hópátímar, kl. 17-19, þrjár vikur í röð:

- 28. apríl
- 5. maí
- 12. maí

Nánari upplýsingar á mos.is.

Mosfellsbær

Pverholti 2

525-6700

www.mos.is

Bólið

APRÍL

MÁN VARMÁ- & LÁGÓBÓL	ÞRI HELGÓBÓL	MIÐ VARMÁ- & LÁGÓBÓL	FIM HELGÓBÓL	FÖS ÖLL BÓL
		LÁGÓ 1 PÁSKAEGGJALEIT	LOKAÐ 2	LOKAÐ 3
LOKAÐ 6	FIFAMÓT STAFF VS. UNGLINGAR 7	POPP & MYND 8	PÖBBKVISS 9	HELGÓ 10 BINGÓ
DEKUR KVÖLD 13	SVARAÐU VITLAUST 14	SÖRPRÆS VIÐBURÐUR 15	PÚSL & KÓSY 16	VARMÁ 17 BRAGÐAREFS KVÖLD
NAMMIKVÖLD 20	KÖKUSKREYTINGAR KEPPNI 21	AMONG US 22	LOKAÐ 23	LÁGÓ 24 ÍPRÓTTAHÚS
ARMBANDSGERÐ 27	VATNSMÁLUN 28	FÓTBOLTI 29	BLIND TASTE TEST 30	

OPIÐ ÖLL KVÖLD KL. 19:30-21:45

Fyrsti áfangi Blikastaða samþykktur

Saga og samvinna

Skipulagstillaga að deiliskipulagi fyrir 1. áfanga Blikastaða var afgreidd á fundi Skipulags- og umhverfisnefnda þann 27. mars.

Þetta eru tímamót í sögu Mosfellsbæjar en áform um uppbyggingu á þessu svæði eiga sér langa sögu. Nefndin hefur fjallað um skipulag Blikastaða nánast allt kjörtímabilið í samstarfi við fjölmarga sérfræðinga og starfsfólk Mosfellsbæjar. Umsjón með gerð deiliskipulags var í höndum Nordic Office of Architecture, ásamt Eflu verkfræðistofu og dónsku landslagsarkitektastofunni SLA í nánú samstarfi við umhverfisvið Mosfellsbæjar og skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar. Fjölmargir aðrir hafa komið að gerð þessa skipulags og hafa samráðsfundir með umsagnar- og hagsmunaaðilum verið fjölmargir.

Skipulagslýsing var auglýst í desember 2023. Skipulagstillaga til forkynningar (vinnslutillaga) var auglýst í desember 2024 og þá var opin kynningarfundur í Hlégarði í janúar 2025. Í júní 2025 var opið hús á Blikastöðum. Í janúar 2026 var tillagan auglýst í samræmi við lög og var hún afgreidd eins og áður sagði 27. mars.

Gæði framur öllu

Gríðarleg vinna hefur farið í vinnu við skipulagið og er hún sú umfangsmesta



sem ráðist hefur verið í hjá sveitarfélaginu. Það hefur líka verið lofað af fagfólki og sem dæmi fær skipulagið umsögnina mjög gott hjá Ásdísi Hlökk Theodórsdóttur fyrrverandi skipulagsstjóra ríkisins og aðjunkt í skipulagsfræði við Háskóla Íslands. Þar ber Ásdís hverfið saman við 23 hverfi, nýleg íbúðarhverfi og engin önnur ný hverfi á jaðri þéttbýlisstaða fengu niðurstöðuna „mjög góð“ eða „góð“ í úttektinni. Sjó slík hverfi á höfuðborgarsvæðinu voru greind.

Náttúruleg nálgun

Skipulagið byggir á náttúrulegri nálgun. Í stað þess að teikna fyrst byggð er byrjað á að greina græn svæði. Það sem kom fljótlega í ljós þegar farið var að skoða ofanvatnslausnir að fyrir voru lækir sem runnu eða höfðu runnið á svæðinu. Þannig afmarkast fyrsti áfangi að hluta til af þessum lækjum sem verða hluti af grænum svæðum hverfisins. Hönnuðir komu líka auga á klappir sem voru víðs vegar á skipulagssvæðinu. Þessar klappir eru núna hluti af landslagi svæðisins og tengja saman ofanvatnsfarvegina á svæðinu og eru líka leik- og dvalarsvæði.

Hverfið er byggt upp í samræmi við 30-300 regluna sem segir að þrjú tré eigi að sjást frá hverri íbúð, að 30% af yfirborði hverfisins eigi að vera gróðurþekja og að

það eigi að vera um eða undir 300 metrar frá hverri íbúð í næsta almenningsgarð eða grænt svæði. Rannsóknir sýna að það að dvelja í eða jafnvel bara horfa á græn svæði eykur vellíðan fólks.

Mikilvægi þess að standa vörð um þetta skipulag

Í bókun Skipulags- og umhverfisnefndar þegar skipulagið var afgreitt er skipulaginu fagnað og sagt að „hér liggja fyrir metnaðarfull og vel unnin tillaga sem byggir á skýrri sýn um náttúrumiðaða og lifandi byggð þar sem gæði almenningsrýma, grænna innviða og daglegs lífs eru höfð að leiðarljósi. Nefndin telur að með tillögunni sé lagður sterkur grunnur að nýju hverfi sem geti orðið fyrirmynd að uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu við samgöngu- og þróunarása“ Jafnframt er þrýnt fyrir framtíðarskipulagsnefndum að halda fast í þá sýn um gæði grænna svæða og markmið með skipulaginu. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja ásynd og yfirbragð byggðarinnar og finna jafnvægi milli þarfa markaðar, væntinga uppbyggjaraðila og þeirra gæða sem sveitarfélagið vill tryggja í umhverfi nýrra íbúa.

Sjálfbærni og þéttleiki

Blikastaðaland er á skilgreindum samgöngu- og þróunarásam og uppbygging á svæðinu styður við hagkvæma nýtingu lands, sjálfbæra þróun, forsendur og far-

þegagrunn Borgarlínu. Hún styður líka markmið svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem Mosfellsbær hefur samþykkt en það markmiðið kveður á um aukna uppbyggingu á samgöngu- og þróunarásam. Þessi nálgun hefur alltaf legið fyrir og skýrir þann þéttleika sem er við samgönguásinn en það er leiðin þar sem Borgarlínan liggur í gegnum bæinn..

Á öðrum uppbyggingarflekum í Mosfellsbæ er stefnan að byggja lágrestari byggð sem einnig verður í góðri tengingu við náttúru eins og þetta hverfi verður. Hraðinn á annarri uppbyggingu í Mosfellsbæ ræðst að mestu leyti af því hvernig sveitarfélagið ræður við að byggja upp innviði samhlíða fjölgun íbúa. Mest af byggingarlandi Mosfellsbæjar er í eigu einkaaðila og fer skipulagning nýrra byggingarreiða því fram í samstarfi við að landeigendur. Samningur um uppbyggingu á Blikastöðum felur t.a.m. í sér að landeigandi greiðir samtals 16 milljarða á uppbyggingartímanum til Mosfellsbæjar sem gerir bæjarfélaginu mögulegt að byggja hverfið og innviði þess upp nokkuð hratt. Hraðinn á uppbyggingu á öðrum íbúðasvæðum ræðst því að stærstum hluta af getu sveitarfélagsins til innviðauppbyggingar og þátttöku landeigenda í þeirri uppbyggingu.

Valdimar Breiðfjörð Birgisson
Formaður Skipulags- og umhverfisnefndar Mosfellsbæjar.

Blikastaðir

Á síðasta bæjarráðsfunni var lögð fram beiðni og yfirlýsing nokkurrá Mosfellinga þess efnis að deiliskipulag um Blikastaði yrði sett í íbúakosningu. Ég var einn af þeim sem skrifuðu undir þessa beiðni og ætla ég að gera grein fyrir afstöðu minni hér og nú.

Ástæða þess að ég skrifaði undir þessa yfirlýsingu er margþætt, og má byrja á að benda á að við hjá Vinum Mosfellsbæjar höfum alltaf verið þeirra skoðunar að beita eigi beinu lýðræði, sérstaklega þegar um mjög stór og umdeild mál er að ræða. Þetta fellur svo sannarlega undir að teljast bæði stórt og umdeilt mál.

Hvað varðar deiliskipulag Blikastaða þá skiptist það í tvö mjög ólík byggðamynstur: annars vegar það sem er nær Leirvogi, neðri hluti fyrirhugaðrar byggðar þar sem á að vera sérþýli í bland við smærri fjölbýli, og hins vegar efri hluti byggðarinnar sem á að byggjast upp í kringum Borgarlínu og þar er þéttleiki í íbúðabyggð mikill. Neðri hlutinn er að mínu mati mjög í anda Mosfellsbæjar; þar á að vera lágrest byggð í góðu sambandi við náttúruna. Ég vil jafnvel ganga svo langt að segja að þar sé á ferðinni eitt best heppnaða deiliskipulag sem komið hefur fram á höfuðborgarsvæðinu.

Efri hluti byggðarinnar er hins vegar jafn slæmur og hinn neðri er góður og er ekki í neinu samræmi við ímynd okkar fallega bæjarfélags. Raunar er byggðamynstur af þessu tagi að koma í ljós annars staðar á höfuðborgarsvæðinu sem gjaldþrota hugmyndir. Þar sem álíka byggð hefur þegar verið reist, eins og í Vogahverfi og á Valsreit, er hún alls ekki að virka eins og lagt var upp með. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef



frá fasteignasölum er sala í þessum hverfum mjög treg, auk þess sem margir íbúar sem þar hafa fjárfest vilja helst selja og komast í burtu, þar sem lítið er um bílastæði og íbúar þurfa jafnvel að leggja bílum sínum langt frá heimilum sínum.

Vegna þess að deiliskipulagið er svona tvískipt verður að segjast eins og er að þeir sem styðja verkefnið sýna ekki þann raunveruleika sem mun raungerast, heldur eingöngu glansmyndir af neðri hluta hverfisins sem er vel í anda Mosfellsbæjar. Gengið er jafnvel svo langt að sýna hestamenn á ferð á myndum, en ljóst er að ekkert pláss verður fyrir þá ágætu útivistaríþrótt á Blikastöðum.

Margoft hafa heyrst þau rök að Borgarlínan muni leysa bílastæðaskort og að ungt fólk vilji bíllausan lífsstíl, auk þess sem talað er um að nýta eigi byggingalóðir með ábyrgum hætti. Hins vegar er staðreyndin sú að veðurfar hér á Íslandi er langt frá því að vera sambærilegt við það sem gerist víða í Evrópu. Þá er byggingarland ekki af skornum skammti hér á landi og því óábyrgt að nýta það ekki undir mannvæna íbúðabyggð. Einnig er ljóst að það getur verið töluvert langt í að Borgarlína nái til Mosfellsbæjar, ef hún kemur þá yfirhöfuð. Ég tek fram að ég er sjálfur hlynntur Borgarlínu, í hvaða formi sem hún kann að verða.

Hvað varðar aukna umferð á Vesturlandsvegi þá mun hún aukast um helming, þrátt fyrir að Sundabraut og Borgarlína komi til. Flestir vita hvernig ástandið er nú þegar. Mér finnst mjög óábyrgt af sveitarfélaginu að horfa fram hjá þessum vanda, eins og hann komi okkur ekki við og sé einungis vandamál annarra. Það þarf strax að hefja samtal við nágrennasveitarfélög og

Vegagerðina um hvernig leysa eigi þennan vanda áður en frekari uppbygging hefst, hvort sem er í Mosfellsbæ eða Reykjavík.

Undanfarið hafa einstaklingar í bæjarstjórn Mosfellsbæjar haldið því fram að nægilegt samtal og kynning hafi átt sér stað og því sé óþarfi að efna til íbúakosningar. Þessir sömu aðilar eru í stjórnmalasamtökum þar sem talið er mjög mikilvægt að leita til þjóðarinnar í öðru, óskyldu máli. Það er því nokkuð mótsagnakennt að leggja einungis þau mál í dóm almennings sem henta hverju sinni.

Sjálfur hef ég setið hálf kjörtímabil í skipulagsnefnd og sakna þess að nefndin hafi ekki haft raunverulegt tækifæri til að ræða málin á eigin forsendum án þess að utanaðkomandi aðilar hafi haft áhrif. Þessi mikla kynning hefur vissulega átt sér stað, en hún hefur farið fram með þeim hætti að

hópur hönnuða og hagsmunaaðila hefur mætt á fundi skipulagsnefndar með lof-ræðum og glærusýningum sem taka allan fundartímann. Þar af leiðandi hefur enginn tími verið aflögu fyrir kjörna fulltrúa til að tjá sig um málefnið. Svo langt hefur þetta gengið að eitt sinn reyndi ég, með veikum mætti, að benda á þann umferðavanda sem gæti skapast, en einn gesta fundarins benti mér á að það væri ekki á dagskrá þess fundar.

Sjálfur hef ég tekið þá ákvörðun að bjóða mig ekki fram aftur og langar að nota tækifærið til að þakka fyrir mig. Um leið vonast ég til að pólitík verði áfram rekin í þágu íbúa Mosfellsbæjar.

Guðmundur Hreinsson. Varabæjarfulltrúi og áheyrnarfulltrúi í skipulagsnefnd Mosfellsbæjar fyrir hönd Vina Mosfellsbæjar.

LIVERPOOL-SKÓLINN

fyrir stelpur og stráka á aldrinum 6-16 ára

Í MOSFELLSBÆ

11. - 13. JÚNÍ | 14. - 16. JÚNÍ

Nánari upplýsingar á Facebook - Liverpoolskólinn á Íslandi

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti jon@miklaborg.is eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti osa@miklaborg.is

MIKLABORG | Með þér alla leið

Bókið skoðun og fáið frítt verðamat

Jón Rafn Valdimarsson
löggr. fasteignasali
Sími: 695 5520
jon@miklaborg.is



Jón & Óskar

Óskar S. Axelsson
löggr. fasteignasali
Sími: 691 2312
osa@miklaborg.is




569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, lögglitir fasteignasalar

Stöðuuppfærslur
in your
face 

 **Bjarki Bjarnason**
Þegar ég hafði kvatt Þorkel fóstbróður minn hinstu kveðju í dag blasti þessi sjón við í dalnum okkar góða: Turninn á Mosfellskirkju er kominn aftur á sinn stað eftir miklar viðgerðir og sólin skín bakvið skýin. Í þessari kirkju fermdumst við Keli 1. maí 1966.
18. mars

 **Jakob Smári Magnússon**
Ég er að spá í að stofna Nýdönsk tribute band og markhópurinn eru allir þeir pólverjar sem hér búa. Bandið mun heit Gdönsk og ég er á fullu að leita að pólskum söngvara
28. mars

 **Gunnar Hilmar Kristinsson**
Takk fyrir allar afmælikveðjurnar þær voru geggjáðar, þið sem óskuðu mér ekki til hamingju þið fáið ekki kveðju frá mér þegar þið eigið afmæli búin að merkja ykkur öll! Fagna hækkanði aldri og er þakklátur fyrir mína fjölskyldu og vini. Takk fyrir aftur.
5. mars

 **Regína Ásvaldsdóttir**
Dásamleg kveðjustund á bæjar-skrifstofunum í dag. Þvílíkt samstarfsfólk! Ég segi hikstalaust að við erum með landsliðið í starfsfólki og einstaklega góða bæjarfulltrúa. Meir og þakklát Síðasti vinnudagurinn nálgast, 31. mars og þá hefst nýtt og spennandi tímabil.
26. mars

 **Guðmundur Ásgeirsson**
Gæti ekki verið stoltari af minni konu, hún lifir fyrir það að sinna hagsmunum barna og að tryggja þolendum heimilisofbeldis sem mestu og bestu þjónustu, hér er hún algjörlega á heimavelli. Innilega til hamingju mín kæra Þóra Jónasdóttir.
17. mars

facebook

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM



TIMBURGRINDARHÚS
KROSSLÍMDAR EININGAR
SVALALOKANIR
GLUGGAR OG HURÐIR



EININGAR EHF

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

VIÐ SÆKJUM BÍLA FRÍTT
TIL FÖRGUNAR!

...og þú færð greitt 30.000 Kr. skilagjald



**KRAFT
FLUTNINGAR**
BÍLA- & TEKJAFLOTNINGAR
551-2280



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐDUNS

SIÓVA



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi

www.bilasprautun.is



554 2510

GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS

AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - www.aftak.is

OPNUNARTÍMI
SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 6:30 - 22:00

Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 6:30-08:00 og 15:00-21:30

Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu

Útvega allt
jarðefni

VÖRUBÍLL Þ.B.

Klapparhlíð 10

Þorsteinn 822-7142



VGH Mosfellsbæ

VERKTAKI SÍÐAN 1968

ÞAÐ SEM TIL ÞARF

896-9443 896-2279

HEYST HEFUR ...

...að Fiskikóngurinn sé búinn að kaupa Tjaldanes í Mosfellsdal á 350 milljónir.

...að Palli Línald hafi hlotið hvatning- arverðlaun UMSK fyrir framlag sitt með Palla Open.

...að bæjarstjórnin sé búin að samþykkja uppbyggingu í 1. áfanga Blikastaðalands og neyta ósk um íbúakosningu.

...að nýi veitingastaðurinn í Þverholti sé kominn með nafnið OAK og opi um miðjan maí.

...að Katrín Helga sé markadrottning Grill 66 deildar kvenna.

...að feðgarnir Einar Braga og Eypór hafi náð að spila handboltaleik saman.

...að miðarnir rjúki út á herrakvöld fótboltans 11. apríl enda dagskráin glæsileg.

...að Þóra Jónasdóttir hafi verið skipuð fyrst kvenna yfirlögregluþjónn hjá löggunni á höfuðborgarsvæðinu.

...að Sumarliði hafi beðið Nínu og hún sagt já.

...að fyrrum landsliðsmaðurinn Birkir Már sé gengin til liðs við Aftureldingu og leiki við hlið bróður síns.

...að Ósk Hauks og Richard eigi von á barni í október.

...að kvennakvöld knattspyrnudeildar Aftureldingar verði haldið í Hlégarði 22. apríl.

... að Mosfellingarnir Jafet og Gabríel hafi gert það gott á Nordic chef, þar sem Jafet vann Junior keppninga og Gabríel var í öðru sæti í Senior.

...að Kalli Maack sé tekin við af Gísla Elvari sem formaður meistaraflokksráðs karla í knattspyrnu.

...að Kaleo verði með stórtónleika á Þingvöllum þann 20. júní.

...að það verði alvöru 80' partý í Hlégarði 25. apríl þar sem Hr. Eydis og Erna Hrönn troða upp.

...að engin KB-þraut verði haldin í vor.

...að strákarnir í handboltanum eigi oddaleik við Hauka í kvöld á Ásvöllum í átta liða úrslitum.

...að tónlistarmaðurinn og organistinn Jónas Þórir hafi orðið sjötugur á dögnum.

...að turninn sé komin aftur á Mosfellskirkju.

...að golfklúbburinn sé farinn að huga að yfirbyggðu æfingahúsnæði á Hlíðavelli.

...að búið sé að ákveða göturnar í Blikastaðahverfi endi allar á Blik, t.d. Höfðablik, Hamrablik, Árblik...

...að Andrea og handboltakappinn Þorsteinn Leó eigi von á strák í sumar.

...að Móstíkurnar séu flestar komnar í framboð viðsvegar um landið.

...að Birta Jóns verði þrítug um helgina.

mosfellingur@mosfellingur.is

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

Brynjar Theo Beck Kristófersson fæddist þriðjudaginn þann 24. febrúar 2026 kl. 04:16. Fæðingarþyngd hans var 3050 gr og var hann 48cm langur. Foreldrar hans eru Kristófer Beck og Aleksandra Agata. Nafnið hans kemur úr föðurætt og er hann skírður í höfuðið á langafa sínum og ömmu sinni. Það mætti segja að Brynjar Theo sé draumabarn en hann er rölegur og lætur ekki mikið fyrir sér fara.



jakosport.is



JAKO

SPORT ÍSLANDI

AFTURELDINGAR- VÖRURNAR FÁST HJÁ OKKUR

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR
Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is

Í eldhúsinu



HJÁ ÖRNU

Pastasósan

Arna Harðardóttir deilir hér með okkur Mosfellingum uppskrift sem hefur þróast síðustu 30 árin og hafa verið gerð ýmis afbrigði en uppskriftn hér að neðan er það sem fjölskyldan kallar „Pastasósan“ og er í upphaldi hjá þeim.

Hráefni:

- 150 gr skinka, skorinn í bita
- 1 askja af sveppum, í sneiðum
- 1 rif af hvítlauk, kraminn
- 1 piparostur (harði, kringlótti), skorinn í bita
- 1 paprikuostur (harði, kringlótti), skorinn í bita
- 2,5 dl mjólk
- Smjör, til steikingar
- 1 sveppakraftsteningur
- 1 svinakjötskraft teningur
- 500gr fusilli
- Parmesan ostur, rifinn



Aðferð:

Sveppir og hvítlaukur steiktir upp úr smjöri ásamt skinkunni. Mjólkinni hellt yfir og pipar- og paprikuostur í bitum sett út í. Ostinum leyft að bráðna í mjólkinni, hrært í á meðan, þar til sósan er laus við kekki. Sveppa- og svinakraftsteningar settir út í. Sósunni leyft að malla þar til

æskilegt þykkt er náð (fer eftir smekk).

Fusilli sodið eftir leiðbeiningum.

Borið fram með rifnum parmesan, hvítlauks- snittubrauði og t.d. ferskri rauðri papriku skorna í litla bita.

Verði ykkur að góðu

Arna skorar á Elísabetu Guðmundsdóttir að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

UNGA FÓLKID ER FRAMTÍÐIN

Nú eru páskarnir gengnir í garð enn einu sinni og alltaf sama blíða veðrið úti... eða þannig. Vorveðrið hlýtur að vera fram undan en það er svo sem ekki hægt að kvarta yfir veðrinu því veturinn hefur verið einstaklega góður.

Árshátíðir grunnskóla Mosfellsbæjar voru haldnar í mars og ég fékk að taka þátt í einni þeirra með unglingunum. Það er alveg dásamlegt að fá að fylgja þeim í félagslífi sínu í gegnum veturinn. Orkan, hugmyndirnar og dugnaðurinn leynd sér ekki.

Ég verð að fá að hrósa unglingunum okkar fyrir frábæra viðburði. Þau hafa svo margt fram að færa og vilja að tekið sé tillit til þess.

Það vilja nefnilega flestir að á sig sé hlustað og að rödd þeirra heyrist. Við höfum öll okkar hugmyndir um samfélagið og umhverfið okkar, sumt höfum við stjórn á og sumt ekki - oft er þunn lína þarna á milli.

Nú eru kosningar fram undan. Ég spennist alltaf upp í kosningum því mér finnst kosningar svo skemmtilegur tími. Það er tíminn sem frambjóðendur tala við kjósendur, mynda sér skoðanir, hlusta og búa til stefnu. Maður fær tækifæri til þess að horfa á samfélagið sitt, velta fyrir sér í hvernig samfélagi vil ég búa, hvar liggja mínar áherslur og hvert vil ég að samfélagið mitt stefni.

Það er síðan hlutverk frambjóðenda að hlusta á raddir bæjarbúa. Bæjarbúar eru fólk á öllum aldri, við skulum ekki gleyma þeim sem ekki hafa kosningarétt, það er alveg jafn mikilvægt að tala við og hlusta á börn og ungmenni þrátt fyrir að þau hafi ekki öll kosningarétt. Ungu kynslóðin hefur nefnilega alveg svakalega mikið að segja, þau eru framtíðin, þau vita miklu meira en fullorðna fólk vill oft halda. Við þurfum ekki öll að vera sammála öllu; við erum ólík, með ólíkar skoðanir og áherslur og það má.

En mikilvægast af öllu er að bera virðingu fyrir skoðunum annarra og taka samtalið, þó samtalið endi þannig að við séum sammála um að vera ósammála.

Að lokum vil ég segja gleðilega páska og megi vorið litast af skoðanaskiptum, samtölum og virðingu til allra.



EMMA ÍREN



**NÆSTI
MOSFELLINGUR
KEMUR ÚT**

23. APRÍL

*Bláðinu er dreift fritt
í öll hús í Mosfellsbæ.*

Skilafrestur efnis/auðgýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

BílaGlerið

Framrúður & ísetningar
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is



**Öll almenn vöru-
og kranabílaþjónusta**


- Grabbi, grjótkló, mankarfa.
- Vatnstankur með dælu.
- Trjáfellingar og förgun.
- Útvega öll jarðefni.

BJ VERK ehf.
Björn s: 892-3042

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagir • viðgerðir
- endurnýjun á rafliögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd
**HEILSUEFLING
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216



MALBIKSTÖÐIN

Bílapartar ehf
Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ
www.bilapartar.is

MG LÖGMENN

Öll almenn
lögfræðiþjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is



ARI ODDSSON EHF
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is

Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

Viltu selja?

Hafðu
samband
Svanþór Einarsson
Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

SÍMI:
586 8080
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is



GIRDIR

ÖRYGGISGIRÐINGAR - VERKTAKA - JARÐVEGSSKRÚFUR
BUGÐUFLJÓT 15J - 270 MOSFELLSBÆR
SÍMI 546-6667 - GIRDIR@GIRDIR.IS
WWW.GIRDIR.IS

WWW.MOSFELLINGUR.IS

SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú
að gera um páskana?



ANNA KATRÍN
Borða öll páskaegginn.




HILMAR: Ætli ég verði ekki bara
eins og húsgagn á Láka.




RAGNHILDUR:
Slaka á í sumarbústað.



ANDRI FREYR: Verja tíma með
fjölskyldunni og hvíla lúin bein.



AXEL ÓSKAR:
Komast áfram í Mjólurbikarnum.



AGNES SJÖFN:
Fara á skíði í Austurríki.

Fylgdu okkur á Instagram...



HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Trommari Músíktílauna 2026



Sundkútararnir gera sér glaðan dag



Mosó crewið



Kokkarnir Jafet og Gabríel



Eypór Ingi bað um mynd



Stikurnar í leikhúsi



Beta bakar



STUÐ Á SPÁNI
SYSTUR, MÆÐGUR, FRÆNKUR

TVÍFARAR



Hilmar Gunn



Gulli byggir

Hárstofan
Sprey

Hægt er að panta tíma á
Sprey.is eða í síma 5176677

Sprey Hárstofa í
Mosfellsbæ og Garðabæ.



orkka

Við höfum opnað nýtt

bílrúðu- verkstæði



Bugðufljóti 7

270 Mosfellsbæ

Leirvogstunga

Mosfellsbær





STÓRA UPPLÉSTRARKEPPNIN

Úrslit Stóra upplestrarkeppinnar í Mosfellsbæ fóru fram í Kvíslarskóla 24. mars þar sem nemendur sýndu framúrskarandi færni í lestri og framsögn. Í 1. sæti varð Unnur Eva Helgafellsskóla, í 2. sæti var Harpa Eik Kvíslarskóla og í 3. sæti var Árelía Ósk úr Helgafellsskóla.

Mynd/RaggiÓla

Sæktu
Landsbanka-
appið

App Store Google Play

MÚLALUNDUR

Ritfangaverslun í
Mosfellsbæ!

Verið velkomin í verslun
Múlalundar
við Reykjaland


www.mulalundur.is



Bókaðu tíma
á nesdekk.is

Nesdekk er loksins komið í Mosfellsbæ.

Verslum í heimabæ!



Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðu
úrval dekkja á nesdekk.is